



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2024



Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Birna Gunnarsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Aldís Erna Pálsdóttir, Alice Watterson, Barbara Neubarth, Cecile van der Stappen, Charla Basran, Dagrún Ósk Jónsdóttir, Eiríkur Valdimarsson, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Heimir Haraldsson, Janet Li, James Alfred Fletcher, Johannes Theodorus Welling, Jón Einar Jónsson, Jón Jónsson, Kieran Baxter, Kristinn Ingvarsson, Marianne H. Rasmussen, María Helga Guðmundsdóttir, Paul Wensveen, Ragnar Edvardsson, Rannveig Þórhallsdóttir, Rodrigo Martinez Catalan, Sandra Dögg Georgsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Stefanía Eir Vignisdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Unnur Birna Karlsdóttir, Valentina Lanci, Vilhelm Vilhelmsson, Yuliia Andriichuk og Þorvarður Árnason.

Reykjavík 2025



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands | 4 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði | 6 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi | 10 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum | 13 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum | 16 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi | 20 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum | 22 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum — Þjóðfræðistofa | 26 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra | 29 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit | 31 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík | 33 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi | 36 |
| Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík | 39 |



STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS


Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hélt áfram að vaxa og dafna á árinu 2024. Filipa Samarra vistfræðingur var ráðin í starf forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ í Vestmannaeyjum í lok ársins og um leið var starfsemin þar fest í sessi með stofnun rannsóknaseturs. Nú eru tólf rannsóknasetur starfrækt um landið, á Hornafirði, Suðurlandi, Vestmannaeyjum, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Breiðdalsvík og Þingeyjarsveit. Þá var starf forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Breiðdalsvík einnig auglýst og tekur Bjarni Gautason jarðfræðingur við starfinu í byrjun mars 2025. Rannsóknviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, þjóðfræði og jarðfræði.

Starfsmenn voru 54 og ársverkin rúm 36 sem er svipað og árið áður. Tuttugu og níu voru í 80% starfi eða meira allt árið og tuttugu og tveir í akademískum störfum, þar af fimm nýdoktorar. Níu doktorsnemar á styrk unnu að verkefnum sínum við setrin á árinu. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Rannsóknastyrkir og aðrar sértekjur hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2024. Velta Stofnunar rannsóknasetra HÍ nam tæpum 600 m.kr. á árinu og voru rannsóknastyrkir og aðrar sértekjur rúmlega 60% tekna

stofnunarinnar sem verður að teljast töluverður árangur. Alþjóðlegt samstarf fer sífellt vaxandi og samhlíða því hlutfall erlendra styrkja. Framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra setra hafa einnig skipt miklu máli og stuðningur sem þessi er starfsemi setranna afar mikilvægur.

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Þótt rannsóknir séu meginþungi í starfseminni koma akademískir starfsmenn rannsóknasetranna flestir að kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið við nokkur rannsóknasetrana, t.d. Húsavík, Norðurland vestra, Strandir, Snæfellsnes, Suðurnes og Hornafjörð, auk þess sem starfsfólk setranna tekur þátt í kennslu í námskeiðum deilda háskólans.

Tengsl rannsóknasetranna við sín nærsamfélög eru mikil og má lesa hér í ársskýrslunni fjölmörg dæmi úr öllum landshlutum. Rík áhersla er á virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi í starfsemi rannsóknasetranna. Hvort sem það er með rannsóknum á brýnum viðfangsefnum samtíms, eins og loftslagsmálum, með samstarfi við önnur skólastig eða miðlun rannsókna og þekkingar. Miðlunin er með ýmsum hætti; fyrir utan birtingar í vísindatímaritum og fyrirlestur- og ráðstefnuhald leggja rannsóknasetrin áherslu á fjölbreyttar miðlunarleiðir til almennings.





Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2024 var Sæunn Stefánsdóttir. Birna Gunnarsdóttir verkefnisstjóri annaðist stjórn-sýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Breyting varð á skipan ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ þar sem Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, lét af störfum og Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands, tók sæti hennar. Áfram var ráðgefandi nefnd skipuð þeim Guðmundi Hálfðánarsyni, prófessor við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafraeði HÍ, sem er formaður, Snæbirni Pálssyni, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, og Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Nefndin fundaði sjö sinnum á árinu.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra 2024 var haldinn í Eddu, húsi íslenskunnar, 14. mars og var hann vel sóttur. Á dagskrá voru fjölbreytt erindi um viðfangsefni rannsóknasetranna og rannsóknir sem þar eru unnar og varða bæði náttúru og samfélag í nútíð og fortíð.

Þegar lítið er um öxl til stofnunar fyrsta rannsóknaseturs Háskóla Íslands á landsbyggðinni, Rannsóknseturs HÍ á Hornafirði sem stofnað var 2002, er ljóst að starfsemin hefur margfaldast í öllum skilningi. Eru setrin nú orðin tólf talsins og dreifð um allt land. Að einhverju leyti má segja að rannsóknasetrin séu háskólar þess nærsamfélags sem þau eru hluti af. Þau sérhæfa

sig í rannsóknum sem tengjast landsvæðum þeirra og eru í ríkum tengslum við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á þeirra svæðum. Það átta sig eflaust ekki margir á því hve starfsemin er víðfeðm og fjölbreytt, starfsmenn ríflega 50 talsins og veltan um 600 milljónir króna og kannski má kalla stofnunina háskóla landsbyggðarinnar innan Háskóla Íslands þar sem fram fara rannsóknir og kennsla í formi leiðbeiningar framhaldsnema og vettvangsnámskeiða. Fyrir liggur að á árinu 2025 verður starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni kortlögð í tengslum við stefnu Háskóla Íslands til 2025 og fyrirséð er að starfsemi rannsóknasetra HÍ gegni þar lykilhlutverki. Í tengslum við mótun háskólasamstæðu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum felast einnig tækifæri fyrir starfsemi rannsóknasetrana til að eflast enn frekar og verður unnið að því á komandi ári.

Rannsóknasetrin hafa fest sig í sessi og sannað gildi sitt sem mikilvægur þáttur í að auka tengsl skólans út á land og efla rannsókn- og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Vonandi berum við gæfu til að fjárfesta í frekari eflingu þeirra og þróun enda liggja mikil sóknarfæri í starfsemi rannsóknasetra Háskóla Íslands.

*Sæunn Stefánsdóttir
Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands
Mars 2025*





RANNSÓKNASETUR HÍ Á HORNAFIRÐI

Rannsóknasetrið er til húsa í Nýheimum á Höfn. Fastráðnir starfsmenn á árinu voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður og fræðimaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir rannsóknaprófessor. Aðrir starfsmenn voru rannsóknasérfræðingarnir dr. Kieran A. Baxter (75%), dr. Alice E. Watterson (75%) og dr. Johannes T. Welling (25%). Jacqueline Pwint Mon Swe, meistaranemi á Erasmus+ Mundus námsbrautinni ISLANDS, var í starfsnámi við setrið og vann við verkefni tengt rannsóknastöðinni *Auga Solanders* á Breiðamerkursandi og um loftslags-/vísindamiðlun til ungs fólks. Setrið hýsti einnig þrjá bandaríska Fulbright-styrkþega: nýdoktorana Garrison Gerard og Christopher Dunn og doktorsnemann Konstantine Vlasis. Þá nutu finnsku listnemarnir Nina Vurdelja og Kimmo Hokkanen einnig aðstoðar setursins við rannsóknir sínar á Hornafirði, svo og bresku hljóðlistamennirnir George Vlad og Eco Zhang.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr tengd umhverfis- og loftslagsmálum, ásamt bókmenntum og menningu. Soffía Auður rannsakar íslenskar og erlendar nútíma- og samtímabókmenntir og sinnir skrifum, ritstjórn og fyrirlestrahaldi. Þá er hún með í vinnslu langtíma rannsóknarverkefni á sviði kvennasögu sem hefur yfirskriftina *Saga systra*. Á vormánuðum komu út tvær bækur með inngangi eftir Soffíu; 100 ára afmælisútgáfa *Bréfs til Láru* eftir Þórberg Þórðarson, sem hún skrifaði að auki 220 skýringar við, og ljósmyndabók Hlyns Pálmasonar, *Harmljóð um hest*. Soffía birti á árinu eina ritrýnda grein í þriðja hefti *Ritsins, tímariti Hugvísindastofnunar*. Hún kenndi eitt námskeið á vegum Háskóla-lestarinnar á Hornafirði og skrifaði um verk Elísabetar Jökulsdóttur í leikskrá sýningar Þjóðleikhússins á *Saknaðarilm*. Soffía ritstýrir ársritinu *Són*,

tímariti um ljóðlist og óðfræði, og skrifaði ritdóma um fimm ljóðabækur og eitt fræðirit. Þá situr hún í ritstjórn bókmenntavefsins *Skáld.is* og birtir þar reglulega færslur og ritdóma. Að auki skrifaði hún þrettán ritdóma fyrir menningarþáttinn *Víðsjá* á RUV og einn fyrir *Tímarit Máls og menningar*. Soffía situr í stjórn Þórbergssseturs og stjórn Kirkjubæjrstofu, auk þess sem hún er varamaður í dómnefnd um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Þorvarður lauk við langtímarannsókn sína *Víðerni – verndun hins villta í náttúru Íslands* með útgáfu fræðibókar. Hann birti einnig grein með doktorsnema sínum Gyðu Þórhallsdóttur varðandi ferðamynstur erlendra ferðamanna á Suðurlandi. Á árinu hófst vinna við verkefnið *Vogarafl* sem Johannes, Kieran og Þorvarður annast í samstarfi við Unga umhverfissinna. Undir lok árs hófu Johannes og Þorvarður síðan nýtt verkefni fyrir Vatnajökulsþjóðgarð um viðhorf og væntingar ferðamanna í íshella- og jöklaferðum. Kieran og Alice unnu áfram að margvíslegum verkefnum um þróun sjónræna aðferða við rannsóknir og vísindamiðlun. Kieran var m.a. í samstarfi við Jökjarannsóknafélag Íslands um verkefnið *Jöklasýn* (EISÍ) og *RePhoto Iceland* en það síðartalda fól m.a. í sér gerð hugbúnaðar svo að hægt væri að staðsetja tókustaði sögulegra jökla-ljósmynda út frá staf-rænu landhæðarlíkani. Alice vann m.a. að verkefni um sjónræna endurgerð eyðibýlisins Fells á Breiðamerkursandi fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, auk þess að taka þátt í fornleifarverkefni á Grænlandi sem varðar varðveislu menningararfs frumbyggja á Norðurljóðum á tímum loftslagsbreytinga. Heimildarmynd Alice um verkefnið, *Greenland RESPONSE*, var frumsýnd haustið 2024 og í kjölfarið valin til sýningar á nokkrum alþjóðlegum kvik-



myndahátíðum. Konstantine Vlasijó til myndband um frumsamið tónverk sitt, 2124, sem er tengt verkefni setursins *Breiðamerkurjökull 2121*.

Starfsmenn setursins tóku þátt í *UT Messunni 2024* með framlagi til sýningarhluta Háskóla Íslands. Þorvarður og Kieran veittu viðtöl um sjónrænar rannsóknir vegna heimildarmyndar um Vatnajökul sem franska sjónræparstöðin ARTE framleiðir. Þá var birt viðtal við Þorvarð í heimildarmyndinni *National Parks from Above: Iceland* hjá Channel4 í Bretlandi. Þorvarður var einnig í ítarlegu viðtali um rannsóknir sínar á víðernum í hlaðvarpinu *Siggasophy*. Setrið stóð fyrir málþinginu *Arctic Climate Change Communication* sem haldið var í Safnahúsinu í samvinnu við Listasafn Íslands, Sjálfbærnistofnun HÍ og Alþjóðamálastofnun HÍ. Tvö viðtöl voru tekin við Soffíu Auði í útvarpsþættinum *Bara bækur* á Rás 1 á árinu, annað um afmælisútgáfu *Bréfs til Láru* og hitt um rithöfundinn Auði Haralds.

Þorvarður var meðleiðbeinandi tveggja doktorsnema við HÍ, Clintons A. Cook og Nicholas E. Voogt, og situr í doktorsnefndum Gyðu Þórhallsdóttur, Sóllilju Bjarnadóttur og Konstantines Vlasijó. Hann tók þátt í vettvangsnámskeiði um *Stjórnun friðlýstra svæða* auk þess að annast stundakennslu í námskeiðinu *Inngangur að umhverfis- og auðlindafræði*. Þá flutti hann erindi fyrir nemendahóp í ARCADE-náminu.

Þorvarður var ráðgjafi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna þátttöku þess í verkefninu *Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* (Aðgerð C10 í Bygðaaætlun) og tók einnig þátt í undirbúningsvinnu vegna verkefnisins ICENAP, um aðlögun að loftslagsbreytingum á landsvísi.



BÆKUR


Þorvarður Árnason (2024). *Víðerni – verndun hins villta í náttúru Íslands*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

BÓKARKAFLAR

- Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Inngangur“ að aldarafmælisútgáfu *Bréfs til Láru* eftir Þórberg Þórðarson, Reykjavík: Mál og menning, bls. 5-19.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Skýringar“ við aldarafmælisútgáfu *Bréfs til Láru* eftir Þórberg Þórðarson, Reykjavík: Mál og menning, bls. 217-246.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Allt er af moldu komið og allt hverfur aftur til moldar. Inngangur um *Harmljóð um hest* og fleiri verk Hlyns Pálmasonar.“ *Harmljóð um hest*, Reykjavík: KIND.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „All are of the dust and all turn to dust again. Introduction to *Lament for a Horse* and other works by Hlynur Pálmason.“ *Lament for a Horse*, Reykjavík: KIND.

RITRÝNDAR GREINAR

Gyða Þórhallsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Gunnar Thór Jóhannesson, Þorvarður Árnason og Rögnvaldur Guðmundsson (2024). „*Mobility Patterns and Sustainable Tourism: Planning and Managing Tourism in Iceland*“. *Journal of Arctic Tourism*, 2.





Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Hin mörgu gervi æviskrifa. Rýnt í rannsóknasögu sjálfæviskrifa.“ *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar* 3. hefti, bls. 33-58.

RITDÓMAR Í TÍMARITUM

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). Draumverkamaður, Ritdómur um *Fagurboða* eftir Þórunni Valdimarsdóttur, *Tímarit Máls og menningar* 4/2024, bls. 136-137.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). Ritdómur í *SÓN*, tímarit um ljóðlist og óðfræði:

- Fjörbrót hefðar, ritdómur um *Alþýðuskáldin: saga um átök* eftir Þórð Helgason, bls. 240-244.
- Ljóðrænar smámyndir, ritdómur um *Söngvar til sársaukans* eftir Valdimar Tómasson, bls. 216-218.
- Ljóðverk / tónverk, ritdómur um *Kallfæri* eftir Guðrínu Hannesdóttur, bls. 189-191.
- Ljós lífsins – og skuggar, ritdómur um *Jarðljós* eftir Gerði Kristnýju, bls. 185-187.
- Umbreytingar sjálfins, ritdómur um *Ég hugsa mig* eftir Anton Helga Jónsson, bls. 179-181.
- Leiðarstef og lausnarorð, ritdómur um *Spunatríð* eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson, bls. 177-179.

RITSTJÓRN

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). Ritstjóri *Són, tímarits um ljóðlist og óðfræði*.

FYRIRLESTRAR OG VEGGSPJÖLD

Kieran Baxter (2024). „Photos and folk: Citizen science repeat photography“ (veggspjald). *International Glaciological Society, Nordic Branch meeting*, 30. október-1. nóvember 2024, Hellissandur.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Opinber umræða um ljóðlist.“ *Erindi á Boðnarþingi* í Salnum, Kópavogi, 27. janúar.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Steinsnar frá Ragnarökum.“ *Fyrirlestur á Hugvísindapingi*, 8. mars 2024.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Dimmumót: Steinunn Sigurðardóttir's Apocalyptic Vision.“ *Fyrirlestur á ráðstefnunni Ice and Water* í Háskóla Íslands, 23.–23. maí 2024.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Skýringa leitað...“ *Fyrirlestur á málþinginu: „Oss vantar frumlega hreinskilni.“ Aldarafmæli Bréfs til Láru* eftir Þórberg Þórðarson, Þórbergssæti á Hala í Suðursveit, 20. október 2024.

Þorvarður Árnason (2024). „Hernaðurinn gegn heiminum.“ *Fyrirlestur á Hugvísindapingi*, 8.–9. mars 2024.

Þorvarður Árnason (2024). „Staða og hlutverk rannsóknasetra H.Í. innan fyrirhugaðrar háskólasamstæðu.“ *Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands*, Reykjavík, 14. mars 2024.

Þorvarður Árnason (2024). „Waterfalls and Glacier Ice: Psychopathia lyrice hydrodynamica revisited.“ *Fyrirlestur á ráðstefnunni Ice and Water* í Háskóla Íslands, 23.–24. maí 2024.

Þorvarður Árnason (2024). „Blue In Blue (BLÁMI 2.0)“. *Aesthetics, ethics and relational being, Nordic Society for Aesthetics*, Reykjavík, 13.–15. júní 2024.

Þorvarður Árnason (2024). „Wild2Wild: Inter-relational aesthetic value generation in settings natural, wild and free“. *Aesthetics, ethics and relational being, Nordic Society for Aesthetics*, Reykjavík, 13.–15. júní 2024.

SÝNINGAR OG KVIKMYNDIR

Alice Watterson (2024). *Greenland RESPONSE*.

Kieran Baxter, Alice Watterson, Johannes Welling, Þorvarður Árnason, Konstantine Vlasís og Garrison Gerard (2024). *Jöklagrafik – miðlun um hop jökla – UT Messan*, Harpa, 2.-3. febrúar 2024.

Konstantine Vlasís (2024). *2124 – tónverk og myndband*.

VEFSÍÐUR / HUGBÚNAÐUR

Kieran Baxter (2024). *RePhoto Iceland*

Kieran Baxter og fleiri (2024). *Jöklasýn*

Soffía Auður Birgisdóttir, o.fl. (2024). *Skáld.is* – gagnabanki um íslenskar kvennabókmenntir.

ÖNNUR VÍSINDAMIÐLUN

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). Bókmenntir og loftslagsbreytingar. Námskeið á vegum Háskóla Íslands, Höfn í Hornafirði 3. maí 2024.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). „Að brjóta tabú og breyta samfélaginu. Um skrif Elísabetar Jökulsdóttur.“ Leikskrá sýningarinnar *Saknaðarilmur* eftir Unni Ösp Stefánsdóttur.

Þorvarður Árnason (2024). „Why do we not use the term «wilderness» for the Icelandic highlands?“ - viðtal við Sigríði Þorgeirsdóttur í hlaðvarpinu *Siggasophy*, 18. mars 2024.

Þorvarður Árnason (2024). *National Parks from Above: Iceland* – viðtal í heimildarmynd LikeAShot productions, frumsýnd í október 2024 hjá Channel4.

Soffía Auður Birgisdóttir (2024). Ritdómur í Víðsjá á rás 1:

Dúnstúlkun í þokunni eftir Bjarna M. Bjarnason, 30. janúar.

Lífíð er staður þar sem bannað er að lifa e. Steindór J. Erlingsson, 14. febrúar.

Dulstirni og Meðan glerið sefur eftir Gyrði Elíasson, 20. febrúar.

Lexiurnar, stafrófskver eftir Magnús Sigurðsson, 21. mars.

Hamfarir í bókmenntum og listum eftir Auði Aðalsteinsdóttur, 26. mars.

Í myrkrinu fór ég til Maríu eftir Sonju B. Jónsdóttur, 30. maí.

Grafreiturnin í Barnes eftir Gabriel Josipovici, 27. maí.

Ég færi þér fjöll eftir Kristínu M. Baldursdóttur, 19. nóvember.

Þín eru sárin eftir Þórdísi Þúfu, 25. nóvember.

Eldri konur eftir Evu Rún Snorraddóttur, 3. desember.

Friðsemd eftir Brynju Hjálmsdóttur, 17. desember.

Flaumgosar eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, 18. desember.

Himintungl yfir heimsins ystu brún eftir Jón Kalman Stefánsson, 19. desember.






RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er staðsett á Laugarvatni. Starfslíð setursins eru tveir fastráðnir starfsmenn, Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður og Böðvar Þórisson verkefnastjóri. Gestavísindamaður, rannsóknasérfræðingur, þrír nýdoktorar, tveir doktorsnemar, tveir meistaranemar og sumarstarfsmenn störfuðu einnig við setrið á árinu. Allnokkrir erlendingir framhaldsnemar og vísindamenn sem eru í samstarfi við setrið heimsóttu það einnig á árinu.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra

gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúruvafars á Íslandi en þær nýtast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar grunnrannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna. Farfuglar eru gjarnan einnig viðfangsefni rannsókna við setrið á áhrifum landnotkunar á lífríki.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum





nýdktora og framhaldsnema, eru rekin langtímaverkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Rannsóknir á heimsvísu sýna að langtímarannsóknir eru bæði líklegri til að styðja við stefnumótun í auðlindanýtingu en skemmri rannsóknir og niðurstöðurnar að auki líklegri til að rata í virt vísindarit. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtímaverkefnum, skipuleggur útvinnu og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum verkefnum setursins. Gagnasettin sem aflað er með langtímarannsóknum gegna æ mikilvægara hlutverki í starfi setursins. Bæði sýna þau hvernig viðamiklar breytingar eru að eiga sér stað á íslenskum landvistkerfum en einnig styðja þau vel við tímabundin verkefni framhaldsnema og nýdktora sem geta aukið yfirsýn sína með notkun þeirra og varpað skýrara ljósi á skammvinnari verkefni sín. Sem dæmi um nýlegar niðurstöður úr langtímaverkefnum hefur komið í ljós að algengum mófuglum á Suðurlandi fækkar nú ískyggilega hratt og verið er að grafast fyrir um ástæður þess. Þá stendur yfir greining á gögnum sem tengja breytingar á fartíma íslenskra fugla við farvegalengd og veðurfar og skoðað er hverjar afleiðingarnar eru fyrir varptíma.

Rannsóknasérfræðingur og þrjú nýdktorar störfuðu við setrið á árinu, fjármagnaðir af Rannís. Veronica Méndez sérfræðingur, sem starfað hefur við setrið með hléum í allnokkur ár, rannsakar stofnstjórnun farfugla og kemur einnig að fjölda annarra verkefna við setrið og leiðbeiningu framhaldsnema. Camilo Carneiro nýdktor starfaði að rannsóknum á tengslum fæðuframboðs við vöxt og lífun unga hjá vaðfuglum ásamt fleiri verkefnum. Aldís Erna Pálsdóttir lauk þriðja ári gagnasöfnunar í nýdktorsverkefni sínu á árinu. Verkefnið gengur út á að kanna afkomu mófuglahreiðra sem eru undir mismiklum áhrifum af umsvifum manna og einnig að bera saman hreiður á hálendi og láglandi. Flestir starfsmenn setursins hjálpa til við þetta verkefni og fylgst var með um 800 mófuglahreiðrum viðs vegar um Suðurland, Vesturland og á hálendinu sumarið 2024. Josh Nightingale vann að nýdktorsverkefni við setrið en verkefnið miðast að því að búa til hnattrænan gagnagrunn um ferðir vaðfugla sem raktar hafa verið með rafeindatækjum og að nota grunninn til að styrkja vernd vaðfugla og rannsóknir á vaðfuglum á heimsvísu. José Alves, vísindamaður við Háskólann í Aveiro og gestafræðimaður við rannsóknasetrið, hefur starfað við setrið á sumrin í allmörgu ár en hann sinnir fjölbreyttum rannsóknum á Íslandi og erlendis og leiðbeiningu framhaldsnema og skipulagningu rannsókna við





setrið. Forstöðumaður setursins kemur að skipulagningu og úrvinnslu í fjölmörgum verkefnum, leiðbeiningu nemenda og fleiru. Hann vann álitsgerð fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands á árinu sem sneri að stefnumótun varðandi fuglafræðirannsóknir stofnunarinnar.

Tveir doktorsnemar og þrír meistaranemar störfuðu við setrið á árinu. Aron Alexander Þorvarðarson lauk við meistaritgerð sína og varði hana í ársbyrjun. Ritgerðin fjallar um tengsl milli stærðar votlendisbletta og fuglalífs. Sigrún Sigurðardóttir vann að meistaraverkefni sem fjallar um hreiðurstæðaval möflugla. Maite Cerezo varði doktorsritgerð sína í júní en hún fjallar um stofnstjórnun, stofnbreytingar og búsvæðaval hjá spóa. Sölvi Rúnar Vignisson sem rannsakar farhætti tjalda hefur lokið gagnaöflun og vinnur nú að ritgerðarsmiðum. Tim Schipper, meistaranemi við Groningen-háskóla í Hollandi, vann að verkefni sínu við setrið. Hann rannsakar dreifingu og varpárangur hrossagauka í Þjórsárdal á áhrifasvæði mögulegrar Hvammsvirkjunar en verkefnið er hluti af samstarfi við Landsvirkjun um að kanna möguleg áhrif virkjunarinnar á fuglalíf ef af virkjun verður.

RITASKRÁ

Greinar í þjóðlegum vísindaritum

Tómas Gréтар Gunnarsson, JA Alves, JJ Gilroy, Böðvar Þórisson, WJ Sutherland, PM Potts og Jennifer Gill. 2024. *Movement of juvenile migratory birds from settlement to adulthood across the non-breeding range*. Journal of Animal Ecology 93 (9), 1236-1245.

Cerezo-Araujo, M., JA Alves, V Méndez, GT Hallgrímsson og Tómas Gréтар Gunnarsson. 2024. *Annual and spatial variation in adult and brood abundance in a sub-Arctic wader*. Bird Study 71 (3), 216-231.

Carneiro, C., T Kaasiku, JA Alves og Tómas Gréтар Gunnarsson. 2024. *Does frequent handling influence Eurasian whimbrel chicks' body condition?* Journal of Ornithology, 1-8.

Carneiro, C., Tómas Gréтар Gunnarsson, T Kaasiku, T Piersma og JA Alves. 2024. *Icelandic Whimbrel first migration: Non-stop until West Africa, yet later departure and slower travel than adults*. Ibis 166 (2), 715-722.

Josh Nightingale, Jennifer A Gill, Tómas G Gunnarsson, Afonso D Rocha, Ruth A Howison, Jos CEW Hooijmeijer, Theunis Piersma, José A Alves. 2024. *Does early spring arrival lead to early nesting in a migratory shorebird? Insights from remote tracking*. Ibis 166 (2), 424-439.

Aldís Erna Pálsdóttir, JA Alves, JA Gill, Snæbjörn Pálsson, V Méndez og Tómas Gréтар Gunnarsson. 2024. *Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds*. Animal Conservation 27: 648-658.

SKÝRSLUR

Böðvar Þórisson og Tómas G. Gunnarsson. 2024. Fuglalíf við hálendisvegi. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Böðvar Þórisson, Aldís Erna Pálsdóttir og Tómas G. Gunnarsson. 2023. Vöktun snjótitlings við Þórisvatn, Kvíslaveitur og á Kili. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Landsvirkjun (nr. LV-2023-059).






José Alves & Camilo Carneiro. 2024. Born to fly II: how can 60 day old whimbrels successfully travel 6000 km non-stop over the Atlantic Ocean? Styrkt af Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar.

Tómas Gréтар Gunnarsson. 2024. Verkefni Náttúrufræðistofnunar á sviði fuglafræði. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Unnið fyrir Náttúrufræðistofnun.

NEMENDARITGERÐIR

Aron Alexander Þorvarðarson 2024. Relationship between Patch Size and Avifauna in Icelandic Wetlands. Meistararitgerð við Háskóla Íslands.

Maite Cerezo-Araujo 2024. Population regulation in a sub-Arctic wader: insights from variation in breeding density. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands.





RANNSÓKNASETUR HÍ Í VESTMANNAEYJUM

Við rannsóknasetrið í Vestmannaeyjum eru einkum stundaðar rannsóknir á vistfræði og atferli sjávarspendýra. Akademísk staða forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ í Vestmannaeyjum var auglýst laus til umsóknar í byrjun október og dr. Filipu Samarra boðin staðan í desember að loknu ráðningarferli. Filipa hefur frá árinu 2020 gegnt stöðu sérfræðings við rannsóknir á vegum Stofnunar rannsóknasetra í Vestmannaeyjum og var eini fasti starfsmaðurinn þar til 2024 að dr. Paul Wensveen var ráðinn í stöðu rannsóknasérfræðings. Anna Selmann and Tatiana Marchon, sem báðar eru styrktar af Rannís, unnu að doktorsverkefnum sínum við setrið í Vestmannaeyjum.

Árið 2024 var haldið áfram langtímarannsóknum á íslenska háhyrningastofninum en verkefnið hófst 2008 (sjá [Icelandic Orca Project](#)). Vettvangsvinna ársins beindist einkum að því að koma fyrir merkjum sem fest eru við hvalina með sogskálum og notuð til að safna upplýsingum um atferli dýranna og hljóðmerkin sem þau gefa frá sér. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindafólk frá St. Andrews-háskóla. Gagnasöfnun fór fram á bátum og í landi og var m.a. safnað ljósmyndum til auðkenningar, hljóð-

upptökum og vefjasýnum, jafnframt því sem atferli hvalanna var kannað



Frá Stórhöfða eru gerðar sjónrænar athuganir sem ásamt neðansjávarhljóðupptökum yfir langan tíma auka möguleika á að vakta háhyrningastofninn og aðra sjávarspendýrastofna í hafinu við Ísland.

Haldið var áfram vinnu við alþjóðlegt samstarfsverkefni, 3S, sem rannsakar áhrif neðansjávarhljóða á atferli hvala. Í október tók Paul þátt í fjögurra vikna rannsóknaleiðangri við Norður-Noreg þar sem mælitækjum og sendum var komið fyrir á háhyrningum og hnúfubökum sem voru í æti nálægt fiskibátum. Annar leiðangur er fyrirhugaður næsta vetur til að afla frekari gagna. Markmið rannsóknarinnar er að meta og auka öryggi hvala í grennd við neðansjávarómtæki og aðra hljóðgjafa.

Research on northern bottlenose whales (see [hypmo.org](#)) was conducted in several forms.

Á vegum setursins eru stundaðar [rannsóknir á andarnefju](#) og haldið úti miklu ljósmyndasafni sem nýtist við að bera kennsl á einstaklinga innan andarnefjutegundarinnar. Ljósmyndasafnið notað í MSs-verkefni um far andarnefja milli Íslands og Jan Mayen þar sem gervigreind var beitt til að





greina milli einstaklinga til viðbótar við hefðbundnar aðferðir (Niessen, 2024). Hljóðupptökum og ljósmyndum af andarnefjum var safnað í leiðangri milli Íslands og Svalbarða 2024 og bætt við gagnasafn setursins.

Paul tók þátt í hvalatalningu Hafrannsóknarstofnunar um borð í Árna Friðrikssyni ásamt allmörgum nemendum þeirra Filipu í júní og júlí. Taldir voru hvalir í lögsögu Íslands og á alþjóðlegu hafsvæði.

Rannsóknunum doktorsnema við setrið miðaði vel áfram. Anna Selbmann er langt komin með verkefni sitt "Interspecific interactions between social top predators of the marine environment: the role of acoustic cues" en leiðbeinendur hennar eru Filipa, Paul og Dr. Jörundur Svavarsson. Paul leiðbeinir einnig Caroline Haas, doktorsnema við HÍ og St. Andrews-háskóla; verkefni hennar nefnist "Acoustic behaviour of the northern bottlenose whale (*Hyperoodon ampullatus*) within the North Atlantic soundscape".

Tatiana Marchon birti fyrsta kafla doktorsrannsóknar sinnar á árinu; Filipa er leiðbeinandi hennar ásamt dr. Marianne Rasmussen, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík, Dr. Volker Deecke frá University of Cumbria og dr. Steve Campana, prófessor við Háskóla Íslands. Tveir doktorsnemar Filipu, Ayça Eleman, sem nemur við Háskóla Íslands, og Chérine Baumgartner frá ETH Zürich, kynntu verk sín á alþjóðlegum ráðstefnum og fundum.

Tvær greinar sem byggja á meistaraverkefnum er unnin voru við setrið birtust í ritrýndum tímaritum, önnur um háhyrninga (Bellon et al., 2024) og hin um hnúfubaka við Vestmannaeyjar (Chicco et al. 2024).

Filipa kenndi þriggja vikna námskeið um vistfræði haf- og strandsvæða hjá Háskólasetri Vestfjarða eins og hún hefur áður gert. Samstarf er við Háskólasetrið og WhaleWise um rannsóknir á hnúfubökum á Vestfjörðum. Að venju unnu nokkrir erlendir meistaraneimar og starfsnemar að verkefnum sínum í Vestmannaeyjum undir leiðsögn starfsmanna og aðstoðuðu einnig við rannsóknir og gagnaöflun hjá setrinu.

Mikilvægur þáttur í starfinu er miðlun upplýsinga til almennings, stofnana og innan rannsóknasamfélagsins. Starfsfólk setursins kynnti rannsóknir sínar á ráðstefnum hérlendis og erlendis, flutti fjölmörg erindi og tók þátt í málstofum. Þá voru verkefni rannsóknasetursins kynnt á ársfund vísindanefndar IQCE, *The International Quiet Ocean Experiment*, er styrkir rannsóknir á hljóðheimi hafsins og áhrifum hljóðs á lífríki þess, sem setrið annaðist og haldinn var í Reykjavík. Filipa tók þátt í starfi vinnuhóps Alþjóðahafrannsóknaráðsins um samþætt vistkerfismat á íslensku hafsvæði, *WGICE*.

Upplýsingar eru einnig veittar á samfélagsmiðlum einstakra verkefna og 2024 opnaði setrið [YouTube-rás](#) þar sem ýmsum fróðleik er komið á framfæri og m.a. birtar upptökur af hljóðum hvala og höfrunga. Rætt var við Filipu um rannsóknir hennar í hlaðvarpinu [WeWhale](#).

ÚTGÁFA

Bellon, G, Selbmann, A, Wensveen, P, Rasmussen, M, Laute, A, Mouy, X & Samarra, FIP (2024). *Killer whale (*Orcinus orca*) occurrence in Icelandic waters revealed by passive acoustic monitoring*. Marine Mammal Science e13211.

- Chicco, C, Papale, E, Wensveen, PJ, Mouy, X & Samarra, FIP (2024). *Using acoustic monitoring to reveal nearly year-round presence of humpback whales (*Megaptera novaeangliae*) in the waters of southern Iceland*. Marine Mammal Science e13198.
- Marchon T, Rasmussen M, Basran C, Whittaker M, Bertulli C, Harlow C, Lott R, Alexander H, Boisseau O, Gendron F, Kershaw A, Kinni J, Kjartansson B, Klotz L, Lionnet L, Louis M, Messina M Michel H, Neubarth B, Ovide BG, Podt A, Ryan C, SR, Scott J, Smit R, Verdaat H and Samarra FIP (2024) *Geographical movements, site fidelity and connectivity of killer whales within and outside herring grounds in Icelandic coastal waters*. Marine Biology 171: 30
- Kvadsheim, PH, Miller, PJO: Lam, FPA, Wensveen, PJ, Bort, J, Burslem, A, Giovannini, G, Hayward, E, van Ijsselmuide, SP, Kleivane, L, Reesor, C, van Riet, MWG, Roland, R, Siemensma, ML & Sato, G (2024). *Effect of naval sonar exposure on killer whales and humpback whales – 3S-2023 cruise report*. FFI Technical Report 24/00559. FFI, Horten, Norway.
- Samarra FIP, Borrell A, Selbmann A, Chosson V, Chicco C, Haas CE, Basran CJ, Smith A, Ovide BG, Einarsson Gþ, Halldórsson SD, O'Brien ES, Eleman A, Sigurðsson GM and Aguilar A (2024). *Carbon and nitrogen stable isotopes of long-finned pilot whales (*Globicephala melas*) stranded in Iceland*. Marine Ecology Progress Series 748: 163-174
- Von Benda-Beckmann, AM, Kastelein, RA, Lam, FPA, de Jong, CAF, Wensveen, PJ & Ketten, DR (2024). *Susceptibility of harbour porpoise hearing to intermittent sound exposures*. In: Popper, AN and Hawkins, A, editors. The Effects of Noise on Aquatic Life: Principles and Practical Considerations. Springer, New York, chapter 20.

FYRIRLESTRAR OG VEGGSPJÖLD Á RÁÐSTEFNUM

- Baumgartner CD, Jourdain EM, Bonhoeffer S, Borgå K, Heide-Jørgensen MP, Karoliussen R, Laine JT, Rosing-Avid A, Ruus A, Tavares SB, Ugarte F, Samarra FIP, Foote AD (2024) Ecological and spatial correlates of population structuring in a metapopulation of North Atlantic killer whales. 35th European Cetacean Society, Catania, Italy, 10-12 April 2024.
- Baumgartner CD, Jourdain EM, Bonhoeffer S, Borgå K, Heide-Jørgensen MP, Karoliussen R, Laine JT, Rosing-Avid A, Ruus A, Tavares SB, Ugarte F, Samarra FIP, Foote AD (2024) A killer whale metapopulation in prey-induced migration-drift equilibrium? European Conference on Behavioural Biology, Zürich, Switzerland, 16-19 July.
- Haas, C, Wensveen, P, Hooker, S & Miller, P (2024). Characteristics and functionality of northern bottlenose whales' (*Hyperoodon ampullatus*) buzzes and rasps. 25th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Perth, Australia.
- Eleman A, Samarra F, Óskarsson GJ, Pálsson S, Bertulli CG, Catalan, RAM, Rasmussen MH, Sigurðsson GM, Ólafsdóttir AH, Burgos JM (2024) Killer whale distribution in Iceland in relation to environmental variables. Society for Marine Mammalogy Biennial Conference, Perth, Western Australia, 11-15 November (veggspjald).
- Kagerer, P, Dutro, M & Wensveen, PJ (2024). Passive acoustic monitoring provides first insights into the behaviour of sperm whales off eastern Iceland. Cachalote Consortium Workshop 2024, Society for Marine Mammalogy Conference, Perth, Australia.
- Miller, P, Hayward, E, Gillespie, D, Wensveen, P, Samarra, F, van Ijsselmuide, S, van Riet, M, Lam, F, Kvadsheim, P, Hunter, C & de Saint Leger, P (2024). Automatic GPS tracking of tagged cetaceans to con-



duct controlled exposure experiments at sea. 8th International Meeting on the Effects of Sound in the Ocean on Marine Mammals, The Hague, The Netherlands.

Kvadsheim, P, Miller, P, Lam, F, Wensveen, P, Binder, C, Tyack, P, Samarra, F & von Benda-Beckmann, S (2024). The fourth phase of the Sea mammals and Sonar Safety project (3S4). 8th International Meeting on the Effects of Sound in the Ocean on Marine Mammals, The Hague, The Netherlands.

Kagerer, P, Dutro, M, Wensveen, PJ (2024). Passive acoustic monitoring provides a first insight of the behaviour of sperm whales off eastern Iceland. 2nd Emerging Bioacousticians' Days, Brest, France.

Barluet de Beauchesne, L, Selbmann, A, Wensveen, P, Miller, P, Samarra, F & Curé, C (2024). Evidence of acoustic mediated interspecific interaction in cetaceans. 53rd Conference of the French Society for the Study of Animal Behavior, Albi, France.

Hooker, S, Miller, P & Wensveen, P (2024). Northern bottlenose whales, *Hyperoodon ampullatus*. ASCOBANS Workshop: Protecting the lesser-known cetaceans of the NE Atlantic, 35th Conference of the European Cetacean Society, Catania, Italy.

Oliveira, C, Pérez-Jorge, S, Prieto, R, Miller, P, Wensveen, P & Silva, M (2024). Echolocation and movement behaviour of sperm whales during prey capture attempts: searching for a prey capture signature. 25th Biennial Conference on the Biology of Marine Mammals, Perth, Australia.

van Ijsselmuide, S, van Riet, MWG, Wensveen, PJ, Miller, PJO, van der Stappen, CM, Lam, FPA & Kvadsheim, PH (2024). CEE Tool; real-time whale tracking for Controlled Exposure Experiments. 8th International Meeting on the Effects of Sound in the Ocean on Marine Mammals, The Hague, The Netherlands (veggspjald).

Haas, CE, Miller, PJO, Hooker, SK, Svavarsson, J & Wensveen, PJ (2024). Using passive acoustic monitoring to investigate northern bottlenose

whale (*Hyperoodon ampullatus*) migration theories within the eastern North Atlantic. The biannual Detection, Classification, Localisation and Density Estimation (DCLDE) of Marine Mammals Workshop, Rotterdam, the Netherlands (kynning og veggspjald).

Wensveen, PJ, Miller, PJO, Neubarth, BK & Svavarsson, J (2024). Satellite tagging of northern bottlenose whales off Iceland documents long-distance migrations. 12th Conference of the Ecological Society of Iceland, Reykjavik (veggspjald).

Neubarth, BK, Miller, PJO, Roland, R & Wensveen, PJ (2024). Long-term dive records of northern bottlenose whales in the northeast Atlantic reveal extraordinary dive capabilities. 8th International Bio-logging Science Symposium, Tokyo, Japan (veggspjald).


Wensveen, PJ, Neubarth, BK, Miller, PJO & Svavarsson, J (2024). Satellite tagging of northern bottlenose whales off Iceland documents long-distance movements. 8th International Bio-logging Science Symposium, Tokyo, Japan (veggspjald).

Hayward, EL, Samarra, FIP, Wensveen, PJ, Aoki, K, Sato, K & Miller, PJO (2024). Use of synchronised audio and video data loggers to estimate prey capture rates in herring-feeding killer whales (*Orcinus orca*). 8th International Bio-logging Science Symposium, Tokyo, Japan (veggspjald).

NÁMSRITGERÐIR

Lena Dorn, MSc Development, Neural and Behavioural Biology, University of Goettingen. "Behavioural context of siphonic call production in Icelandic killer whales (*Orcinus orca*)".

Simon Niessen. MSc Freshwater and Marine Biology, University of Amsterdam. Thesis "Assessing movements of northern bottlenose whales north of Iceland using manual and artificial intelligence-aided approaches for photo-identification".






RANNSÓKNASETUR HÍ Á SUÐURNESJUM


Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur en auk hans voru tveir starfsmenn í fullu starfi allt árið: Hermann Dreki Guls starfar sem sérfræðingur og Sandra Dögg Georgsdóttir sem aðstoðarmaður við rannsóknir en hún stundar jafnframt meistaranám sitt við setrið og eru Halldór og Dreki leiðbeinendur hennar. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem voru sem fyrr nánir samstarfsaðilar.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi þar sem lykiláherslur eru eiturefnavistfræði og líffræðilegir mælikvarðar í dýrunum í tengslum við mengun. Setrið sá áfram um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM-mengunarvöktunar líkt og undanfarin ár.

Framhald var á verkefni tengdu mengun hafna á Íslandi sem hófst 2022 og er í samstarfi við Umhverfisstofnun (UST) en fyrstu niðurstöður voru kynntar fyrir starfsfólki UST sem hafa m.a. umsjón yfir stjórn vatnamála á Íslandi. Setrið kom að nokkrum vöktunarverkefnum, þar á meðal verkefni sem hófst 2023 og hélt áfram á árinu en um er ræða sýnatökur og mælingar á lífríki í sjó í grennd við hvalvinnsluna á Litla Sandi í Hvalfirði.

Líkt og áður var alþjóðlegt samstarf umfangsmikið og fjölbreytt. Ítalskur doktorsnemi dvaldi á setrinu í 2 mánuði og vann ásamt starfsfólki setursins að verkefni sínu um áhrif örplasts og mengandi efna á atferli bogkrabba en dvöl nemandans var styrkt af ERASMUS. Setrið tók þátt í fundi vinnuhóps innan Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES), um áhrif mengandi efna á lífverur (*Working Group on Biological Effects of Contaminants; WGBEC - SGEFF*) sem haldinn var 8. – 12. apríl í Aveiro í Portúgal. Þátttaka seturs-






ins í *Global Estuaries Monitoring* hélt áfram 2024 en tekin voru sýni þrisvar sinnum yfir árið og gengur verkefnið út á að leita að lyfjaefnum í árósum um allan heim með stöðluðum sýnatökum og greiningaraðferðum; setrið annaðist sýnatökur við Ísland. Þátttaka í öðru alþjóðlegu verkefni sem kallast AQUA-GAPS/MONET hófst á árinu með útsetningu sjálfvirkis sýnatökubúnaðar (passive sampler) í Hvalfirði til mælinga á lífrænum mengunarefnum í sjó en verkefnið er fjármagnað af INERACT og unnið í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja. Starfsmenn setursins tóku einnig þátt í umfangsmiklum sýnatökum í samstarfi við UK Centre for Ecology and Hydrology í Bretlandi við þróun nýrrar tækni til efnagreininga agna í umhverfinu, m.a. málmagna í hafnarseti og í mosasýnum við eldgosavæðið við Sundhnúksgíga á Reykjanesi.

Setrið hefur umsjón með og rekur átta tonna bát í eigu HÍ, Sæmund

fróða RE 32, sem nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni. Sem dæmi má nefna hina árlegu grjótkrabbavöktun í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands en farið er reglulega í Faxaflóa og Hvalfjörð yfir sumarmánuðina og tekin krabballirfusýni með svifháf og krabbar veiddir í gildrur. Báturinn var jafnframt vel nýttur til verkefnisins Carbon to Sea þar sem starfsmenn setursins tóku þátt í viðamiklum sýnatökum í Hvalfirði ásamt Hafrannsóknastofnun. Verkefnið gengur út á að kanna fýsileika þess að auka basavirkni sjávar, og þar með kolefnisbindingu, með nýjum aðferðum og er liður í baráttunni við loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Kynningarstarf á árinu hjá setrinu var nokkurt og starfsmenn setursins tóku þátt í ýmsum kynningum, m.a. fyrir Umhverfisstofnun og fyrir doktorsnema við HÍ sem heimsóttu setrið í Sandgerði. Að auki tók setrið þátt í Vísindavöku Rannís í Laugardalshöllinni og starfsgreinakynningu fyrir






grunnskólanema á Suðurnesjum sem haldin var í Þróttahúsinu í Keflavík og voru þeir viðburðir afar vel sóttir líkt og undanfarin ár.

Starfsmenn setursins kenndu í fjórum námskeiðum í líffræði og lífefna- og sameindalíffræði við Háskóla Íslands: sjávarvistfræði, vettvangsnám-

skeið í vistfræði, aðferðir fyrir fiski, -sjávar- og vatnalíffræðirannsóknir, og lífheimurinn). Forstöðumaður var jafnframt meðleiðbeinandi og í doktors-nefnd tveggja doktorsnema. Tveir meistaranemar voru undir leiðsögn for- stöðumanns og útskrifaðist annar þeirra á árinu.





RITASKRÁ

- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls og Sandra Dögg Georgsdóttir. 2024. *Greiningar á falskyni (imposex) og styrk lífrænna tinsambanda í nákuðungum (Nucella lapillus) við Ísland árið 2023. Verkefni unnið að beiðni Umhverfisstofnunar (landsvöktun á tríbútýltin mengun)*. Skýrsla Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, útg. janúar 2024, 6 bls.
- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Kristín Ólafsdóttir, Sandra Dögg Georgsdóttir. 2024. *Könnun á efnabáttum í kræklingi og sjó við álverið í Straumsvík. Sýnataka 2023*. Verkefni og skýrsla unnin fyrir ISAL. Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, útg. september 2024, 64 bls.
- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Kristín Ólafsdóttir, Sandra Dögg Georgsdóttir. 2024. *Könnun á ástandi og lífríki sjávar við vinnsluvæði Hvals hf. á Litla Sandi í Hvalfirði 2023-24: Botndýr og næringarefni á og í seti, næringarefni í sjó og snefilefni í fjórukræklingi*. Verkefni unnið fyrir Hval hf. að beiðni EFLU verkfræðistofu og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Skýrsla Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, útg. desember 2024, 49 bls.
- Hermann Dreki Guls, Sandra Dögg Georgsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson. 2024. *Könnun á mengandi efnum í íslenskum höfnum*. Verkefni fyrir Umhverfisstofnun, skýrsla eftir Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum, desember 2024, 59 bls.
- ICES. 2024. *Working Group on Biological Effects of Contaminants (WGBEC)*. ICES Scientific Reports. 6:65. 114 pp.
- Sindri Gíslason, Hermann Dreki Guls, Joana Micael, Sandra Dögg Georgsdóttir og Halldór Pálmar Halldórsson. 2024. *Griðkrabbavöktun 2023*. Skýrsla Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum, nr. NSV-2402, útg. maí 2024, 14 bls.
- Þorleifur Ágústsson, Eva Dögg Jóhannsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson og Þorleifur Eiríksson. *Rannsóknir á olíumengun frá skipsflaki El Grillo í botnseti og sjó í Seyðisfirði*. 2024. Verkefni unnið að beiðni Ice Fish Farm. Skýrsla RORUM 2024-002, 14 bls.
- Þorleifur Eiríksson, Sigurður Ívar Jónsson, Þorgerður Þorleifsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Þorleifur Ágústsson. *Rannsóknir á lífríki vegna umhverfismats á framleiðslu rafeldsneytis*

Qair á Katanesi við Grundartanga 2024. Verkefni unnið fyrir Qair að beiðni VSÓ Ráðgjöf. Skýrsla RORUM 2024 016, 45 bls.

KYNNINGAR OG VÍSINDAMIÐLUN

- Halldór Pálmar Halldórsson. 2024. *Implementing marine pollution monitoring programs*. Erindi haldið á ráðstefnu í Umhverfisráðuneyti Grikklands í Aþenu 31. janúar 2024. International Workshop, BriZE project "Water Management: problems, challenges and solutions", EEA-GRANTS 2014-2021 - Programme Water Management. Landbúnaðarháskólinn í Aþenu, Grikkland, 31. janúar 2024.
- Halldór Pálmar Halldórsson. 2024. *Lífriki í kröppum sjó – mengunarrannsóknir og vöktun*. Erindi haldið á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra HÍ í Eddu, húsi Íslenskunnar, 14. mars 2024.
- Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar Halldórsson. Vísindavaka Rannís, haldin í Laugardalshöll 28. september 2024.
- Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson og Sandra Dögg Georgsdóttir. 2024. *Ecotox by UIRCS*. Kynning á Graduate Retreat, 15. – 16. nóvember, 2024.
- Hermann Dreki Guls, Sandra Dögg Georgsdóttir og Halldór Pálmar Halldórsson. 2024. *Könnun á mengandi efnum í íslenskum höfnum*. Kynning fyrir Umhverfisstofnun, janúar 2025.
- Hermann Dreki Guls. Starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum. Kynning á starfi sjávarlíffræðinga og lífefnafræðinga fyrir nemendur í 8. og 10. bekk grunnskóla. Haldið í íþróttahúsi Keflavíkur 26. september 2024.
- Hermann Dreki Guls. Þátttaka í pallborði eftir fyrirlesturinn: Þrávirk lífræn mengunarefni frá landi til Norður-Íshafsins með Dr. Rainer Lohmann. Haldið í Háskólabíó 10. október 2024.
- Sandra Dögg Georgsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls. 2024. *Effects of polluted sediment on marine organisms*. Kynning á Graduate Retreat, 15. – 16. nóvember, 2024.
- Þorleifur Eiríksson, Sigurður Ívar Jónsson, Halldór Pálmar Halldórsson, Þorleifur Ágústsson. 2024. *Einstakt botndýrasamfélag við suðurströnd Íslands*. Erindi flutt á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands (Vistís), Öskju Náttúrufræðahúsi, 5. apríl 2024.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á SNÆFELLSNESI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi er til húsa í Stykkishólmi. Árið 2024 voru starfsmenn fjórir auk gestafræðimanns, öll í 100% starfi. Dr. Jón Einar Jónsson vísindamaður er forstöðumaður setursins og James Fletcher verkefnisstjóri; Anna Ejsmond nýdoktor rannsakar áhrif thíamínskorts í æðarfugli með líkanagerð á sviði fræðilegrar vistfræði, og Elisabeth Knudsen doktorsnemi rannsakar tengsl svipgerðar og aðlagana að umhverfi í andfuglum. Hera Guðlaugsdóttir, nýdoktor við Raunvísindastofnun HÍ og University of California, hefur einnig aðstoðu hjá setrinu en hún notar loftslagslíkön til að meta áhrif eldgosa á veðurfar. Um hásumarið komu Árni Ásgeirsson, Ellen Magnúsdóttir og Jón Jakobsson og tóku þátt í merkingum á æðarfugli.

Starfsfólk setursins tók þátt í Sjóandaráðstefnunni (7th International Sea Duck Conference) sem var haldin á fjarfundi með Vfairs-netvanginum 8.-11. janúar og kom rannsóknasetrið að þremur kynningum ásamt samstarfsfólki í Finnlandi (Céline Arzel), Þýskalandi (Fiona Rickowski og Florian Ruland) og Noregi (Amalie Ask og Sveinn Are Hanssen). Elisabeth Knudsen doktorsnemi hlaut viðurkenningu fyrir besta veggspjald ráðstefnunar.

Meistaraneimi frá háskólanum í Innsbruck í Austurríki, Alessia Conci, starfaði við setrið frá apríl og fram í júní. Hún vann úr talningum á mávum í Landey sem unnar voru með dróna 2022-2024 og aðstoðaði einnig við æðarmerkingar. Alessia mun skila ritgerð 2025 en leiðbeinendur eru Jón Einar, James og Marion Chatelain frá Háskólanum í Innsbruck.

Merkingar á æðarfugli í Breiðafjarðareyjum eru langtíma verkefni, unnið í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Tíðarfar var hagstætt árið 2024 og gekk vel að merkja. Alls náðust eða endurheimtust 379 merktar æðarkollur í Breiðafirði, þar af voru nýmerktar 146 í Landey, Stakksey, Hjallsey, Rifgirðingum, Elliðaey, Bíldsey, Sellátri og Þorvaldsey. Við þetta bætist að 109 ungar voru merktir í eyjunum og þá náðist fyrsta kollan merkt sem ungi (2022) á hreiðri í Stakksey.

Þá voru æðarkollur utan Breiðafjarðar merktar vegna doktorsverkefnis Elisabethar og bættust við 28 merktar æðarkollur í Vigur í Ísafjarðardjúpi,

28 í Kongsfjorden á Svalbarða og 5 kollur í Grindöya í Noregi. Samstarfsmenn í verkefni Elisabethar eru Snæbjörn Pálsson við Líf- og umhverfisvísindadeild og Sveinn Are Hanssen hjá Norsk Institutt for Naturforskning.

Í norska Seatrack-verkefninu var haldið áfram að kortleggja vetrarstöðvar og farleiðir 15 sjófuglategunda. Settir voru út 14 hnattstöðuritar (þar af 9 GPS-ritar) en 8 slíkir voru endurheimtir frá fyrri árum. Alls hafa verið settir út 238 hnattstöðuritar frá því verkefnið hófst og hafa 170 hnattstöðuritar verið endurheimtir 2014-2024. Norsk Institutt for Naturforskning leiðir verkefnið, sem mun standa a.m.k. til 2026.

Merktir voru nokkrir tugir mávsunga í Landey í júní og júlí. Talningar á æðarungum, vatnafuglum og afkomu bjargfugla fóru fram eins og vant er. Taldir voru æðarungar í Ísafjarðardjúpi í lok júní. Vatnafuglar og bjargfuglar eru sem fyrr vaktaðir í samstarfi með Náttúrustofu Vesturlands. Í jólafluglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands voru taldir Álftafjörður, Vígrafjörður og Hofstaðavogur.


Í ár birtust fjórar alþjóðlegar greinar með þátttöku Rannsóknasetursins, um fuglaflensu og farleiðir, talningar á rituhreiðurmyndavélum með aðstoð sjálfboðaliða á internetinu, um afföll fýla við fiskveiðar í Norður-Atlantshafi og svo bókarkafli um mjallgæs fyrir ritið *Birds of the World*, sem útgæfið er af Cornell háskóla í New York.

Vettvangsnámskeið í umhverfis- og auðlindafræði var haldið í Stykkishólmi í annað sinn í maí með þátttöku Rannsóknasetursins, Náttúrustofu Vesturlands, Minjavarðar Vesturlands, Æðarseturs Íslands, Lárusar F. Hallfreðssonar æðarbónda og fleiri sérfræðinga.

Jón Einar starfaði í Faghópi 1 í Rammaáætlun, sem fagritstjóri Wildlife Biology og í vísindanefnd og ráðgefandi nefnd fyrir sjóandaráðstefnuna.

RITASKRÁ

Tom L. Clegg, Signe Christensen-Dalsgaard, Vegard Sandøy Bråthen, Arnaud Tarroux, Johannis Danielsen, Sébastien Descamps, Arne Follestad, Gunnar Thor Hallgrímsson, Morten Helberg, Hálfán H.



Helgason, Jón Einar Jónsson, Yann Kolbeinsson, Hallvard Strøm, Paul Thompson, Thorkell Lindberg Thorarinnsson, Tom Williams, Kim Magnus Bærum. 2024. *Bycatch of northern fulmar (*Fulmarus glacialis*) in Norwegian longline fisheries: Assessing spatiotemporal variations in scale and risk to improve management*. *Global Ecology and Conservation* 56: e03350.

Jónsson, J.E., J.P. Ryder, and R.T. Alisauskas. 2024. *Ross's Goose (*Anser rossii*), version 2.0*. In *Birds of the World* (N. D. Sly and P. G. Rodewald, Editors). Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, NY, USA.

Jonathon D. Gass, Robert J. Dusek, Nichola J. Hill, Laura K. Borkenhagen, Jeffrey S. Hall, Gunnar Thor Hallgrímsson, Mary Anne Bishop, Andrew M. Ramey, Timothy J. Spivey, Sölvi Rúnar Vignisson, Sunna Bjork Ragnarsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Jón Einar Jónsson, Alexa D. Simulynas, Felicia B. Nutter, Wendy Puryear, Jonathan A. Runstadler. 2024. *Sero-epidemiology of Highly Pathogenic Avian Influenza viruses among wild birds in subarctic intercontinental transition zones*

AJ Edney, J Danielsen, S Descamps, JE Jónsson, E Owen, F Merkel, RA Stefánsson, MJ Wood, MJ Jessopp, T Hart. 2024. *Using citizen science image analysis to measure seabird phenology*. *Ibis*

Hafðís Hanna Ægisdóttir, Birna Lárusdóttir, Edda Ruth Hlín Waage, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Guðný Zoega, Ívar Örn Benediktsson, Jón Einar Jónsson, Jón S. Ólafsson, Kristín Svavarsdóttir, Kristján Jónasson. 2024. *Aðferðafræði og niðurstöður faghóps 1 í 5. áfanga rammaáætlunar. Hamarsvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun, Tröllársvirkjun og Bolaalda*. Faghópur 1 í Rammaáætlun (5. áfangi). Unnið fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 67 bls.

Hafðís Hanna Ægisdóttir, Birna Lárusdóttir, Edda Ruth Hlín Waage, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Guðný Zoega, Ívar Örn Benediktsson, Jón Einar Jónsson, Jón S. Ólafsson, Kristín Svavarsdóttir, Kristján Jónasson. 2024. *Aðferðafræði og niðurstöður faghóps 1 í 5. áfanga rammaáætlunar*. 10 vindorkuver. Faghópur 1 í Rammaáætlun (5. áfangi). Unnið fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 118 bls.

áætlunar. 10 vindorkuver. Faghópur 1 í Rammaáætlun (5. áfangi). Unnið fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 118 bls.

FYRIRLESTRAR

Jón Einar Jónsson. *Birds of Breiðafjörður*. Fyrirlestur fyrir Námskeiðið UAU260M Verndarsvæði í sjó, Háskóli Íslands, Stykkishólmi, 14. maí 2024.



Elisabeth Knudsen. *Stovnskipan og lit-fjölbroytni á æðuni, *Somateria mollissima*, í Norðuratlantshavið*. Fyrirlestur fyrir Færeyska Fuglaverndarfélagið, 9. mars 2024.

VEGGSPJÖLD

Jón Einar Jónsson, Fiona S. Rickowski, Florian Ruland, Árni Ásgeirsson and Jonathan M. Jeschke. 2024. *Long-term data reveal contrasting impacts of native versus invasive nest predators in Iceland*.

Elisabeth Knudsen, Snæbjörn Pálsson, Ellen Magnúsdóttir, James A. Fletcher, Árni Ásgeirsson, Jóhannis Danielsen, Sveinn Are Hanssen, and Jón Einar Jónsson. 2024. *Assessing colour variation of the common eider, *Somateria mollissima*, in the Faroe Islands and Iceland*.

Céline Arzel, Amalie Ask, Farshad Sajjad Vakili, Prescillia Lemesle, Sunniva H. Frøyland, Elise Lunde, Silje Peterson, Anne-Fleur Brand, Junjie Zhang, Tomasz M. Ciesielski, Alexandros G. Asimakopoulos, Kristina Noreikiene, Bin-Yan Hsu, Suvu Ruuskanen, Juho Jolkkonen, Titiksha Peetumber, Nora M. Wilson, Stefan Björkman, Christian Sonne, Sanna Koivisto, Markus Öst, Kim Jaatinen, Bertille Mohring, Jón Einar Jónsson, Martin Hansen and Veerle Jaspers. 2024. *Common eider *Somateria mollissima* under pressure from endocrine disrupting chemicals*.





RANNSÓKNASETUR HÍ Á VESTFJÖRÐUM

Rannsóknasetrið er í Bolungarvík. Við setrið störfuðu á árinu 2024 tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Á árinu störfuðu einnig fjórir doktorsnemar við setrið og einn doktorsnemi var í skiptinámi frá Ítalíu. Þá unnu fjórir BSc-nemar frá Bandarísku SIT-námsáætluninni verkefni sín við setrið á árinu 2024.



Rannsóknasetrið er til húsa að Aðalstræti 10-12 en þar er kjarni rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi í Bolungarvík, m.a. Náttúrustofa Vestfjarða og nýsköpunarfyrirtækið Blámi ehf. Rannsóknasetrið hefur mörg síðustu ár unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna í nærsjó og á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Með þeirri uppbyggingu er rannsóknasetrið orðinn ákjósanlegur vettvangur til að sinna fjölbreyttum rannsóknum svo sem kortlagningu búsvæða á hafsbötni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu, merkingu á fiskum á vettvangi og skráningu minjastaða á hafsbötni. Þá hefur þessi uppbygging gert setrinu enn frekar kleift að sinna samfélagsverkefnum, t.d. með því að taka á móti hópum vísindamanna og skiptinenum. Setrið tók á móti nokkrum skólahópum á árinu bæði til almennrar kynningar á starfinu og einstökum verkefnum. Þá vann hópur grunnskólanema frá Grunnskólanum í Bolungarvík valnámskeið með starfsfólki setursins haustið 2024.

Fimm doktorsnemar störfuðu við setrið árið 2024. Fia Finn hóf störf við sitt verkefni í upphafi árs en verkefnið miðar að því að skilja lífun og afrán á þorskseiði. Anja Nickel vinnur áfram að verkefninu „Vistfræði og búsvæðanýting þorskfiskseiða við náttúrulegar aðstæður“ og Michelle Valliant að verkefninu „Breytileiki innan og á milli algengra fiskitegunda í viðbrögðum við álagsþáttum í nærsjó“. Theresa Henke skilaði inn doktorsritgerð sinni um verkefnið „Landnám flundru (*Platichthys flesus*) á Íslandi“

í október 2024. Þá vann Luca Altavilla, doktorsnemi við Háskólann í Feneýjum, hluta af doktorsverkefni sínu við rannsóknasetrið 2024. Með verkhluta sínum á Íslandi kannar Luca hvort hægt er að nota marhnút sem vísitægund á álagsþætti innan fjarða.

Rannsóknir ársins á sviði fiskalíffræði einkenndust að öðru leyti nokkuð af framvindu verkefna sem hafa verið styrkt af Rannsóknasjóði Rannís. Þannig lauk verklegri vinnu við verkefnið „Innri og ytri áhrifaþættir við upphaf fars þorsks“ á árinu. Vettvangsvinna fólst m.a. í uppsetningu stórs kerfis hlustunardufla í Dýrafirði, en með því verður fylgst með ferðum þorskungviðis um fjörðinn og áhrifum umhverfisþátta á ferðir, sérstaklega hvernig umhverfi hvarar far af uppeldisstöðvum. Gott samstarf var við Haf-rannsóknastofnun en með því að veiða þorskungviði til merkinga í reglubundnum rækjuleiðangri stofnunarinnar var hægt að tryggja að unnið væri með þorsk af ólíkum fargerðum. Duflin hafa verið í firðinum frá því í maí 2022 en voru endurheimt í júní 2024 og er úrvinnsla gagnanna komin vel af stað. Þá var unnið á vettvangi í Seyðisfirði vegna doktorsverkefnis Fiu Finn, en í júlí voru merktir um 60 árgamlir þorskar með svokölluðum afránsmerkjum, þ.e. innri merkjum sem gefa til kynna afrán á seiðin. Í lok árs bárust þær góðu fréttir að stórt verkefni sem setrið er aðili að var styrkt af NordForsk. Verkefnið miðar að því að meta áhrif streitu vegna veiða á hrygningarárangur þorsks og fer sú vinna fram á næstu árum.

Styrkur fékkst úr fornminjasjóði fyrir verkefnið „Bonne Kitty“, sem er hluti verkefnisins „Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum“ sem miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Vettvangsvinna 2024 miðaði að því að leita að frönsku fiskiskútunni Bonne Kitty, sem fórst við Ögur í Ísafjarðardjúpi árið 1906. Við rannsóknina var beitt jarðeðlisfræðilegum aðferðum, þ.e. tví-



geislasmælingum, og einnig var hafsbotninn kannaður með neðansjárvar-dróna. Fornleifarannsóknir ársins einkenndust að öðru leyti af framvindu langtímaverkefna. Þar á meðal má nefna leit í ritheimildum um skipskaða fyrr á öldum fyrir verkefnið „Fornleifarannsóknir neðansjárvar“ og hafa nú safnast ritheimildir fyrir um 1130 skipsflök við Ísland frá landnámi til nútíma.

RITRÝNDAR GREINAR

- Ólafsdóttir, G. Á., Henke, T., Chambers, C. P., & Ólafsdóttir, S. H. (2024). *Gaps in legislation and communication identified as stakeholders reflect on 30x30 policy in Icelandic waters. Marine Policy, 170, 106422.*
- Nickel, A. K., Campana, S. E., & Ólafsdóttir, G. Á. (2024). *Temperature and body size affect movement of juvenile Atlantic cod (Gadus morhua) and saithe (Pollachius virens) at nearshore nurseries. Journal of Fish Biology.*

Henke, T., Novoa, A., Bárðarson, H., & Ólafsdóttir, G. Á. (2024). *Let's talk aliens-Stakeholder perceptions of an alien species differ in time and space. NeoBiota, 93, 117-141.*

HELSTU KYNNINGAR Á RÁÐSTEFNUM

- Michelle Valliant: Spatial overlap of alien European Flounder (*Platichys flesus*) and native Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) and brown trout (*Salmo trutta*) in near-shore waters. NoWPaS 2024 (Salmonid Research Networking), Inverness Scotland, February 25-March 2, 2024
- Michelle Valliant: Spatial overlap of alien European Flounder (*Platichys flesus*) and native Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) and brown trout (*Salmo trutta*) in near-shore waters. Icelandic Ecological Society Meeting (Vistís), Reykjavik Iceland. April 5, 2024
- Michelle Valliant: Distribution and movement of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) ecotypes in nearshore waters. Ecosystem Studies of Subarctic and Arctic Seas Meeting, St. John's Newfoundland. June 18-21, 2024





Michelle Valliant: Spatial overlap of alien European Flounder (*Platichys flesus*) and native Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) and brown trout (*Salmo trutta*) in near-shore waters. Ocean Tracking Network (OTN) Symposium, Halifax Nova Scotia. September 23-26, 2024

Michelle Valliant: Spatial overlap of alien European Flounder (*Platichys flesus*) and native Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) and brown trout (*Salmo trutta*) in near-shore waters. 7th International Marine Conservation Congress (IMCC7), Cape Town South Africa. October 13-18, 2024

Theresa Henke: Let's talk aliens - the benefits of outreach & stakeholder engagement in invasion science. International Conference on Aquatic Invasive Species (ICAIS) 2024 Halifax, Canada. May 12-16, 2024

Theresa Henke: Let's talk aliens— Involving stakeholders in invasion science. Neobiota 2024 Lisbon, Portugal. September 3-6, 2024.

Ragnar Edvardsson: Governance and Impacts on Marine Underwater Heritage from a Biodiversity Conservation Perspective: Case Studies from


Iceland. Oceans Past X Conference. University of Exeter, Cornwall. June 24-28, 2024.

Ragnar Edvardsson: Stories from Strandir in a global context: Basque whalers, Icelanders and the freedom of the seas. Málþing um sögu Baska á Íslandi. Haldið af baskavinafélaginu í Djúpavík 7. - 8. júní 2024.

Ragnar Edvardsson: Efnahagsleg og tilfinningarleg rök í upphafi iðnvæðingar sjávarútvegs: dæmi af hvalveiðum Norðmanna við Ísland. Græn og blá hugvísindi ofan Ártúnsbrekkunnar. Hugvísindafélag. 8 Mars, 2024.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Fisheries restricted areas in biodiversity conservation: the role of the historical context Oceans Past X. Cornwall UK. June 25-28, 2024

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Fisheries legislation in Iceland as a tool for biodiversity conservation. ESSAS annual science meeting. St Johns Canada. June 18-21, 2024





RANNSÓKNASETUR HÍ Á STRÖNDUM – ÞJÓÐFRÆÐISTOFA

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum er til húsa í Próunarsetrinu á Hólmavík og hefur verið frá stofnun 2016. Tveir þjóðfræðingar voru í fullu starfi hjá setrinu allt árið, Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson. Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir, meistaranemi í þjóðfræði, starfaði einnig hjá setrinu í sjö mánuði í hlutastarfi, einkum við ljósmyndaverkefni.

Helstu verkefni rannsóknasetursins á árinu 2024 snerust um íslenska þjóðtrú, örnefni og menningarlandslag, einnig dagbækur og persónulegar heimildir, gamlar ljósmyndir og sögu svæðisins.

Farið var í ævintýrlega vettvangsferð norður á Strandir á árinu, fjögurra daga gönguferð um þjóðsagnaslóðir á Dröngum og í Drangavík í Árneshreppi.

Á landsvísu var m.a. unnið að verkefnum við skráningu ljósmynda í samvinnu við Þjóðminjasafnið og ASÍ. Þá var unnið að tillögu um *Verndarsvæði í byggð á Hólmavík* í samvinnu við sveitarfélagið Strandabyggð, en rannsóknasetrið vinnur að tillögugerðinni og húsakönnun. Í tengslum við verkefnið kom út skýrsla Byggðasafns Skagfirðinga með grunnskráningu fornleifa sem starfsfólk Byggðasafns Skagfirðinga vann í á þremur jörðum í nágrenni Hólmavíkur; Kálfnesi, Skeljavík og Víðidalssá. Hugmyndaskýrsla um gönguleiðir í grennd við Hólmavík eftir Jón Jónsson sem kom út á árinu byggir að nokkru á þessari vinnu. Áfram var unnið að verkefni um gamlar ljósmyndir úr héraðinu með Sauðfjársetri á Ströndum. Smærri verkefnastyrkir fengust frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda.

Áhugaverð og spennandi samstarfsverkefni eru í gangi, bæði við erlenda samstarfsaðila, á landsvísu og heima fyrir. Dr. Matthias Egeler, prófessor við Goethe-Universität í Frankfurt í Þýskalandi, og Saskia Klose doktorsnemi höfðu aðstöðu á setrinu við rannsóknir á örnefnum, menn-

ingarlandslagi og þjóðtrú í nyrstu hreppum Stranda eins og undanfarin ár. Þetta tengist samvinnuverkefni Egelers og setursins sem er styrkt af þýska rannsóknasjóðnum (DFG, Deutsche Forschungsgemeinschaft).

Auk bóka, greina og ritgerða sem tengjast þessu samvinnuverkefni var á árinu gefið út vefkort af þjóðsagnastöðum á þessu svæði undir yfirskriftinni *Strandasögur*. Ljósmyndasýningin *ISLAND. Landschaft, Mythos und das Übernatürliche zwischen Elfen, Trollen und Gespenstern* með myndum Matthiasar Egeler og Saskiu Klose var sett upp í Marburg í Þýskalandi og verður uppi til 15. sept. 2025.

Starfsmenn setursins tóku virkan þátt í ráðstefnum og málþingum og fluttu m.a. erindi á Hugvísindaðingi 2024 og Þjóðarspeglinum. Þá sótti Jón ráðstefnu ISFRN (International Society for Folk Narrative Research) í Riga í Lettlandi. Dr. Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur tók að venju þátt í ýmsum miðlunarverkefnum með setrinu. Meðal annars voru gerðir þrjú útvarpsþættir í árslok um dagbókarritara á Ströndum frá 19. öld fyrir RÚV. Sýningar sem tengjast setrinu voru á ferðinni um landið, m.a. var sýningin *Hvítabirnir í heimsókn* uppi á Minjasafninu á Hnjóti yfir sumarið, sýning *Skessur sem éta karla* var sett upp í Borgarfirði og á Ströndum og sýningin *Jólafólin* í Árbæjarsafni.

Setrið hélt þrjú málþing á árinu. *Húmorþing á Hólmavík* var haldið í mars í samvinnu við námsbraut í þjóðfræði við HÍ og Félag þjóðfræðinga. Málþing um skrímsli var haldið á Galdrasýningunni á Hólmavík í október en þar var um að ræða verkefni með nemendum í námskeiðinu *Hagnýt þjóðfræði* sem Jón kennir við HÍ. Þriðja málþingið var árleg þjóðtrúarkvöldvaka með Sauðfjársetrinu sem hafði að þessu sinni titilinn *Illska og ofbeldi*. Í ágúst var var haldin alþjóðleg ráðstefna og vinnustofa, með yfirskriftina *“Woman” on the Edge*, í samvinnu vinnuhóp SIEF (Evrópusamtök

þjóðfræðinga) um feminísk viðhorf í þjóðfræði. Í tengslum við ráðstefnuhaldið var unnin hugmyndaskýrsla um að efla Strandir sem vettvang fyrir minni málþing og ráðstefnur.

Gott samstarf er milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Jón Jónsson kenndi námskeiðið *Hagnýt þjóðfræði* á meistarastigi á árinu en starfsfólk setursins sá líka um gestakennslu í ýmsum námskeiðum á háskólastigi. Einnig er samvinna við skóla í heimabyggð, þjóðsagnaverkefni unnin með grunnskólum og Guðlaug, sem er víkingur í frístundum, fór í heimsókn sem slíkur í leikskólann Lækjarbrekku á Hólmavík. Jón var sögumaður í nokkrum stuttum gönguferðum á Ströndum og tengist það samvinnuverkefni setursins og safnanna á Ströndum og í Dölum um sögurolt. Áki Guðni Karlsson, doktorsnemi í þjóðfræði við HÍ, og Agnes Jónsdóttir, sem var að leggja lokahönd á BA-ritgerðina sína, dvöldu um tíma hjá setrinu til að vinna að verkefnum sínum. Fleiri fengu pláss dag og dag.

BÆKUR OG SKÝRSLUR

Jón Jónsson (2024). Gönguleiðir í grennd við Hólmavík. Skýrsla gerð með styrk frá Sterkum Ströndum. Sögusmiðjan. [47 bls]

Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2024). Ráðstefnustaðurinn Hólmavík. Hugmyndavinna um að efla Hólmavík og nágrenni sem ákjósanlegan stað fyrir minni málþing, vinnustofur og ráðstefnur. Skýrsla gerð með styrk frá Sterkum Ströndum. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa og Fjölmoður, fróðskaparfélag á Ströndum. [33 bls]



BÓKARKAFLAR OG FRÆDIGREINAR

Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2024). *Doing Fieldwork at Home: Enchanted Spots in Strandir Area*. Í *Marburg Journal of Religion* 25/1.

Jón Jónsson (2024). Hugmyndir um Sumarlandið. Á Þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 29. des.

Jón Jónsson (2024). Strákurinn Láki og dysin hans. Á Þjóðtrúarvefnum thjodtru.is, birt 15. apr.

Matthias Egeler, Dagrún Ósk Jónsdóttir, Jón Jónsson (2024). *Patterns in Icelandic Elf Hills*. Í *Folklore* 135/3, s. 388-414.





ÚTVARPSÞÆTTIR

Jón Jónsson, Eiríkur Valdimarsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (des. 2024). *Dagbók Jóns gamla*. Þrjú útlarpsþættir. Framleiðandi: RÚV - Rás 1. Aðgengilegir í Sarpi RÚV: 1. þáttur: „*Armæða og apaspil*“; 2. þáttur: „*Óðar en varir auðnan snýst*“; 3. þáttur: „*Legðu ekki meira á mig*“.

FYRIRLESTRAR

Dagrún Ósk Jónsdóttir og Jón Jónsson (2024). „Brytjar hún börn í pottinn sinn“. Fróðleikur og ljótar sögur um Grýlu og hennar hyski. Fyrirlestur á Minjasafninu á Akureyri, 7. des.

Jón Jónsson (2024). „Minn banki og meining er sú að huldufólk til sé.“ Álfasögur Ólafs í Purkey. Fyrirlestur á Þjóðarspeglinum 2024, í málstofunni: Myrkur, greftrunarsíðir og huldufólk, í Háskóla Íslands, 1. nóv.

Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir (2024). Álagablettir og örnefnaskrár. Fyrirlestur á Nafnþingi Nafnfræðifélagsins: Örnefni á vettvangi, í Eddu, 19. okt.

Jón Jónsson (2024). Unnið með óáþreifanlegan menningararf. Fyrirlestur á málþinginu Lifandi hefðir í nýju ljósi: Óáþreifanlegur menningararfur, í Þjóðminjasafninu, 17. okt.

Jón Jónsson (2024). Þumalskrúfur og gapastokkar: Viðurkenndar pyntingar fyrr á tímum. Flutt á Þjóðtrúarkvöldvöku – illska og ofbeldi í Sævangi á Ströndum, 7. sept.

Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2024). Blendingar og bastarðar innan forystufjár. Erindi á fróðleiksvöldi um Forystufé, ræktun og arfgerðir, Sauðfjársetur á Ströndum, Sævangi 4. júlí.

Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir (2024). Gjörsamlega óþolandi kvikindi? Forystublendingar. Fyrirlestur á Fræðslu- og skemmtifundi um forystufé, Hamarsbúð á Vatnsnesi, 9. júní.

Eiríkur Valdimarsson (2024). „Varúð – börn, dýr og tengdamamma!“ Grín til höfuðs tengdamæðrum. Fyrirlestur á Húmorþingi á Hólmavík 27. mars.

Jón Jónsson (2024). Úr fylgsnum fyrri alda: Krassandi íslenskar kímnisögur. Fyrirlestur á Húmorþingi á Hólmavík 27. mars.

Eiríkur Valdimarsson (2024). Horft fram af hengiflugi: Áhrif loftslagsbreytinga á hversdagslíf fólks. Erindi í málstofunni Græn og blá hugvísindi ofan Ártúnsbrekkunnar á Hugvísindabingi, HÍ, Reykjavík, 9. mars.

Jón Jónsson (2024). Tilviljana- og brotakernd varðveisla menningararfsins. Erindi í málstofunni Græn og blá hugvísindi ofan Ártúnsbrekkunnar á Hugvísindabingi, HÍ, Reykjavík, 9. mars.

Eiríkur Valdimarsson (2024). Tengdamömmur. Erindi í Fræðakaffi hjá Borgarbókasafninu í Spönginni, Reykjavík, 26. feb.






STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla

tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, jarðfræði, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

STARFSSTÖÐVAR STOFNUNAR RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS





RANNSÓKNASETUR HÍ Á NORÐURLANDI VESTRA

Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra er með tvær starfsstöðvar. Önnur er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og tók þar formlega til starfa árið 2010 en á árinu 2023 var opnuð starfsstöð setursins að Höfðabraut 6 á Hvammstanga þar sem setrið deilir skrifstofuhúsnæði með Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Háskólanum á Hólum og fleirum. Í árslok 2024 var starfsstöðin á Hvammstanga færð í stærri húsakynni og inniheldur nú fundarherbergi og kennslustofu auk skrifstofu og almenns rýmis. Þar eru því ýmsir möguleikar til fundarhaldna og kennslu auk hefðbundinna starfa. Í húsakynnum setursins á Skagaströnd er bókasafn Halldórs Bjarnasonar til húsa en það er rannsóknabókasafn á sviði sagnfræði og skyldra greina. Þar er boðið upp á vinnuáðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við listamiðstöðina Nes. Við setrið eru stundaðar rannsóknir í sagnfræði. Forstöðumaður setursins er dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur en auk hans störfuðu tveir sagnfræðingar við setrið á árinu, Harpa Rún Ásmundsdóttir í starfi verkefnisstjóra og Ása Ester Sigurðardóttir í starfi sérfræðings. Störfum Ásu lauk í júní en Hörpu í lok ársins.

Vinnu við verkefnið „Gagnagrunnur sáttanefndabóka 1798–1936“ lauk með formlegri opunarathöfn og málþingi í húsakynnum setursins á Skagaströnd 29. júní 2024. Málþingið var vel sótt og fluttu starfsmenn setursins fyrirlestra um störf sáttanefnda og kynntu gagnagrunninn góðum hópi áhugasamra gesta. Jafnframt var gagnagrunnurinn kynntur á málstofu á Hugvísindapingi 2024 þar sem allir starfsmenn setursins tóku til máls. Sáttabókaverkefnið hófst árið 2019 og hefur skipað stóran sess í störfum setursins á þessu tímabili. Verkefnið var unnið í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og fólst í að koma varðveittum sáttabókum frá tímabilinu á veflægt form ásamt því að efnisskrá bækurnar og útbúa leitarbæran gagnagrunn um innihald þeirra. Samstarfið hefur verið afbragðsgott og gjöfult fyrir alla aðila. Með gagnagrunninum skapast nýtt verkfæri fyrir sagnfræðirannsóknir sem mun vonandi nýtast fræðimönnum og söguþyrstum almenningi vel á komandi árum.

Vilhelm hefur um nokkurra ára skeið átt aðild að alþjóðlega verkefninu Worlds of Related Coercions in Work (WORCK) sem hlaut veglegan COST Action styrk árið 2019. Verkefninu lauk í apríl 2024 og markar það önnur tímamót á árinu. Vilhelm sat í miðstjórn verkefnisins og leiddi einn af vinnuhópum þess. WORKCK var ætlað að skapa öflugt tengslanet fræðimanna sem rannsaka þvingaða atvinnu í sögulegu samhengi og tókst það

vel. Í tengslum við WORCK kom út fjöldi greina og bóka auk þess sem haldnar voru ráðstefnur, fundir og málþing. Vilhelm tók á árinu sæti í stjórn vinnuhóps um vinnu og þvingun (labour & coercion) innan netverksins European Labour History Network og vannu ásamt öðrum í stjórn að skipulagningu vinnustofa og málþinga á ráðstefnum.

Á vordögum kom út þemahefti Ritsins, tímarits Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, um nýjar áherslur í vinnusögu og var Vilhelm annar af ritstjórum þess. Þá er hann ritstjóri tímaritsins Sögu, eins elsta og virtasta fræðitímarits landsins og þess eina í heiminum sem er sérhæft á sviði Íslandssögu.



ÚTGÁFA

Harpa Rún Ásmundsdóttir. „Í óleyfi hreppsnefndar: Brottrekstur þrettán húsmanna og -kvenna úr Súðavíkurbreppi í árslok 1885,” *Ritið 1/2024*: 99–118.

Vilhelm Vilhelmsson. „Analysing the everyday practices of labour coercion through arbitration court records: The case of a runaway maidservant in Iceland in 1820,” WORCK Publication Database.

Vilhelm Vilhelmsson og Müge Özbek. „Editorial: Coercive Archives. Labour Coercion in the Courtroom and Its Afterlives.” WORCK Publication Database.

Vilhelm Vilhelmsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir. „Inngangur. Nýjar rannsóknir í vinnusögu,” *Ritið 1/2024*, bls. 1-6.

Vilhelm Vilhelmsson. „Aðfaraorð: Raddir Steinunnar og Bjarna,” í Steinunn Kristjánsdóttir, *Daðadómurinn: Bjarni Bjarnason frá Sjóunda 1761-1805* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2024), bls. 9-10.



FYRIRLESTRAR

Ása Ester Sigurðardóttir. „Konur og málefni þeirra fyrir sáttanefndum á 19. öld”. Fyrirlestur í málstofunni Með kærleiksmeiningar vinnmælum: Sáttamiðlun á Íslandi á 19. og 20. öld á Hugvísindabænum 8. mars 2024.

Ása Ester Sigurðardóttir. „Íslands heilladísir gráta blóðugum tárur: Kistubrot í Elliðaánum”. Fyrirlestur á málþinginu Gagnagrunnur sáttanefndabóka: Opnunarhóf og málþing við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra 29. Júní 2024.

Ása Ester Sigurðardóttir og Harpa Rún Ásmundsdóttir. „Konur í sáttabókum 1798–1936”. Fyrirlestur á Ráðstefnu um kvenna- og kynjasögu á Seyðisfirði og Egilsstöðum, 7-8 júní 2024.

Harpa Rún Ásmundsdóttir. „Sundurlyndi hjóna í sáttabókum”. Fyrirlestur í málstofunni Með kærleiksmeiningar vinnmælum: Sáttamiðlun á Íslandi á 19. og 20. öld á Hugvísindabænum 8. mars 2024.

Harpa Rún Ásmundsdóttir. „Af missáttum mönnum. Einstaklingar sem komu ítrekað fyrir sáttanefndir.” Fyrirlestur á málþinginu Gagnagrunnur sáttanefndabóka: Opnunarhóf og málþing við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra 29. júní 2024.

Harpa Rún Ásmundsdóttir. „Gagnagrunnur sáttanefndabóka.” Fyrirlestur á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 14. nóvember 2024.

Vilhelm Vilhelmsson. „Samíð um kaup og kjör: Sáttafundir sem vettvangur vinnudeilna”. Fyrirlestur í málstofunni Með kærleiksmeiningar vin-

mælum: Sáttamiðlun á Íslandi á 19. og 20. öld á Hugvísindabænum 8. mars 2024.

Vilhelm Vilhelmsson. „Sáttamiðlun á 19. og 20. öld – Sögulegt fordæmi fyrir samtímann?”. Fyrirlestur á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, 14. mars 2024.

Vilhelm Vilhelmsson. „Sáttanefndir og störf þeirra á Íslandi, 1798-1936”. Fyrirlestur á málþinginu Gagnagrunnur sáttanefndabóka: Opnunarhóf og málþing við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra 29. júní 2024.

Vilhelm Vilhelmsson. „‘We all deserve to live’: Peasant Mentalities and Vagrant Survival Tactics in Early Modern Iceland”. Fyrirlestur á málþinginu Mobility and Poverty in Europe between the Early Modern Period and the 19th Century. Networks, Infrastructures, Control. Haldið í Bressanone á Ítalíu 15. nóvember 2024.

ANNAD

Ása Ester Sigurðardóttir. „Hvenær var getnaðarvarnarpillan fyrst tekin í notkun á Íslandi?” Vísindavefurinn, 9. janúar 2024, sótt 11. febrúar 2025.

Ása Ester Sigurðardóttir. „Hvaða áhrif hafði pillan á líf íslenskra kvenna?” Vísindavefurinn, 4. janúar 2024, sótt 11. febrúar 2025.





RANNSÓKNASETUR HÍ Í ÞINGEYJARSVEIT

Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit er til húsa í Gíg, Skútustöðum. Auður Aðalsteinsdóttir, doktor í bókmenntafræði, er forstöðumaður og eini starfsmaðurinn í fastri stöðu. Við setrið eru einkum stundaðar rannsóknir á viði umhverfishugvísinda, en markmið starfseminnar er einnig að stuðla að rannsóknum og menningarviðburðum tengdum svæðinu ásamt því að efla samstarf Háskóla Íslands við menningar- og rannsóknarstofnanir á Norðausturlandi.

Rannsóknasetrið tók til starfa árið 2023 og einkenndist starfsemin í fyrstu einna helst einkenndist af skipulagningu framtíðarverkefna og alþjóðlegs samstarfs. Auður hóf fullt starf sem forstöðumaður setursins í maí 2024 og hefur síðan þá fengið mörg tækifæri til að kynna hið nýja setur og áherslur þess, á viðburðum, ráðstefnum og ársfundum, í kennslustundum og fjölmiðlum.

Setrið á í náinni samvinnu við Huldu náttúruhugvísindasetur og Svartárkott menningu-náttúru. Verkefnisstjóri Huldu, Sigurlína Tryggvadóttir, hefur aðstoðað við skipulagningu viðburða sem setrið stendur fyrir eða tekur þátt í, sem og vinnu við styrkumsóknir. Auður hefur einnig lagt sitt af mörkum til Huldu og Svartárkots: hún hélt fyrirlestur um vistskálðskap fyrir nemendur á vegum Svartárkots og var kynnr í viðburði Huldu um ljóðskáldið og Mývetninginn Sigurð Jónsson. Í samvinnu við Vettvangsakademíu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði fornleifafræði, minjaverndar og menningarferðaþjónustu á Hofstöðum í Mývatnssveit og Hið Þingeyska fornleifafélag stóðu svo setrin tvö fyrir vel sóttri kynningu dr. Hildar Gestsdóttur á fornleifarannsóknum á Hofstöðum.


Í nóvember stóð setrið fyrir viðburðinum „Spjallað í setrinu um loftslagskvíða“, þar sem Sóley Davíðsdóttir sálfræðingur hélt erindi um loftslagskvíða. Áformað er að setrið standi tvisvar á ári fyrir álfka viðburðum undir yfyrskriftinni „Spjallað í setrinu“.

Helstu rannsóknir Auðar á árinu 2024 tengdust samnorræna verkefni „Creative Responses“, sem snýst um skapandi viðbrögð við umhverfisógnum, og undirbúningi bókar um blá hugvísindi og hafið í íslenskum bókmenntum. Í tengslum við þessi viðfangsefni hélt Auður fimm innlenda og þrjú alþjóðlega fyrirlestra, auk þess sem hún birti ritrýnda grein um vistljóðlist í tímaritinu *Són*. Þá skilaði hún inn handriti að norræna greinasafninu *Creative Responses to Environmental Crises in Nordic Art and Literature*, sem hún ritstýrir ásamt Katarinu Leppänen, prófessor í hugmyndasögu við Gautaborgarháskóla. Greinasafnið verður gefið út hjá Lexington Books 2025. Þar á Auður eina grein um fagurfræði og umhverfismál.

Auður var einn af kennurum í námskeiðinu Menningarheimar við Háskóla Íslands á vorönn 2024 og kenndi þar vistrýni. Hún hélt einnig fyrirlestur um umhverfishugvísindi fyrir nemendur við Tækniskólann, í kennslustund í umhverfisfræði.

Rannsóknasetrið tekur nú þátt í tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum. **EXTREMES** er samvinnuverkefni setursins, UiT heimskautaháskólans í Tromsø í Noregi og Kaupmannahafnarháskóla. Markmiðið er að kanna með þverfaglegu samstarfi nýjar leiðir til að skynja og skilja sjávarumhverfi norðurskautssvæðisins. UArctic veitti 400.000 norskar krónur í styrk árið 2024 til að þróa verkefnið. Hlutverk rannsóknarsetursins í Þingeyjarsveit verður meðal annars að halda myndlistarsýningu tengda verkefninu í Safnahúsinu í Húsavík.

Creative Responses er norrænt samstarfsverkefni um skapandi viðbrögð við umhverfisógnum. Verkefnið hófst með vinnslu greinasafnsins *Creative Responses to Environmental Crises and Aesthetics in Nordic Art and Literature* sem kemur út hjá Lexington Books 2025 og gefur víða sýn á listræn viðbrögð við loftslagsbreytingum og öðrum umhverfis-
kreppum á Norðurlöndum. Í greinum bókarinnar má finna dæmi um það



hvernig umhverfisleg málefni birtast í bókmenntum, myndlist og afþreyingu frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Færeyjum. Verkið endurspeglar flókið samspil hins staðbundna og hnattræna í umhverfislit og aktívisma. Greinarnar eru skrifaðar af virtum og upprennandi fræðimönnum á sviði norrænnar vistgagnrýni og beinir athygli að því flókna og mikilvæga hlutverki sem list, bókmenntir og önnur skapandi starfsemi gegnir á krepputímum. Í tengslum við útgáfu greinasafnsins verður sett upp myndlistarsýningin Creative Responses, í Specta gallerí, Kaupmannahöfn, í maí-júní 2025 og í Listasafninu á Akureyri í nóvember 2025. Í tengslum við listsýninguna verður efnt til málþings í Kaupmannahöfn og haldinn opinn viðburður í Mývatnssveit.

Í október 2024 tók Auður þátt í fræðslufundi á vegum AURORA, sem haldinn var undir yfirskriftinni „Expanding Scholarly Horizons: Sustainability & Climate Change“. Markmið þessa viðburðar var að efla þverfagleg tengsl milli AURORA-háskólanna. Margar hugmyndir að samstarfsverkefnum fæddust á fundinum og mun rannsóknasetrið taka þátt í frekari þróun þeirra.



RITASKRÁ

- Auður Aðalsteinsdóttir, „Orð úr undirdjúpum: Krítíska svæðið í vistljóðum Hauks Ingvarssonar“, *Són: tímarit um óðfræði* 22, 2024, bls. 15-39.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Á valdi tilfinninganna“, pistill í *Loftslagsblaði Heimildarinnar*, 18. september 2024.

FYRIRLESTRAR

- Auður Aðalsteinsdóttir, fyrirlestur fyrir nemendur í umhverfisfræði í Tækniskólanum, janúar 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Tröllahvískur í nýju samhengi: Vistrýni, þjóðsögur og truflandi tilvera annarra“, ársfundur Gígs, 7. mars 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Skepnr hafsins – í nokkrum íslenskum skáldverkum“, Hugvísindaping, 8. mars 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Fagurfræði vistkerfanna“, Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2024, Edda, Hús íslenskra fræða, 14. mars 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Eru orðin tóm?“, fyrirlestur á Loftslagsdeginum, Umhverfisstofnun, Harpa, 28. maí 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir og Ole Martin Sandberg, „Creative Responses: Environmental Crises and Aesthetics“, fyrirlestur á ráðstefnunni *Aesthetics, Ethics and Relational Being. Annual Conference of the Nordic Society for Aesthetics*, Háskóli Íslands, 13. júní 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, fyrirlestur fyrir nemendahóp í Svartárkoti, Skjólbrekku, júní 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Creatures of the Sea: In Recent Icelandic Literature“, fyrirlestur á ráðstefnunni *Ice and Water*, Háskóla Íslands, 24. maí 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, „Creative Responses“, fyrirlestur á ráðstefnunni *Languages of Climate Crisis*, 8. nóvember 2024.

ANNÆÐ

- Auður Aðalsteinsdóttir, kynnr á viðburði um skáldið Sigurð Jónsson, júní 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir og Sigurlína Tryggvadóttir, **viðtal um rannsóknasetrið og umhverfishugvísindi í Samfélaginu í nærmynd**, RÚV september 2024.
- Auður Aðalsteinsdóttir, kynning á rannsóknasetrinu fyrir gesti á ráðstefnunni *Mývatnarrannsóknir í 50 ár*, Gígur, 18. september 2024.



RANNSÓKNASETUR HÍ Á HÚSAVÍK


Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru einkum stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Forstöðumaður setursins er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Dr. Charla Basran hefur stöðu nýdoktors við setrið en einnig störfuðu þar þrjú doktorsnemar árið 2024.

Doktorsneminn Tatiana Marchon rannsakar hljóðmerki hjá háhyrningum. Hún hefur m.a. skoðað hvort greina megi sérhæfðan tákncorða meðal hópa háhyrninga hér við land en úr niðurstöðum sem þegar liggja fyrir má lesa vísbendingar um að kerfi hljóðmerkja mismunandi hópa háhyrninga við Ísland séu ekki eins.

Maria Glarou vann áfram að doktorsverkefni sínu *Life in a cold-water environment: allometric adaptations of cetaceans in Skjálfandi Bay, Iceland* sem m.a. skoðar tengsl stærðar við aðlögunarhæfni mismunandi tegunda að umhverfisþáttum eins og kulda. Maria nýtir drónamyndir til að

meta stærð einstakra dýra og hefur rannsókn hennar skilað einstöku myndefni af ólíkum hvalategundum í Skjálfandaflóa, einkum hnísu, blettahnýði, hrefnu, hnúfubak og steypireyði. Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands hefur styrkt verkefnið, sem og Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.

Belen Garcia Ovide er í 50% starfi sem doktorsnemi í rannsóknarverkefninu eWhale, en það er styrkt af samevrópsku Biodiversa+ áætluninni sem sett var á laggirnar í tengslum við stefnu ESB um líffræðilegan fjölbreytileika. Verkefnið nýtir nýjustu tækni í sameindalíffræði og erfðafræði til að nema umhverfis-DNA úr hvölum og greina á milli hvalategunda, fjölskylduhópa og jafnvel einstaklinga innan fjölskyldna en markmið rannsóknarinnar er m.a. að bæta aðferðir til að fylgjast með og meta afkomu hvalastofna í Atlantshafi. Einn þáttur verkefnisins snýr að því að virkja almenning og fer sýnataka að hluta fram í hvalaskoðunarferðum Norður-siglingar. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni ewhale.org.





Verkefnið Arctic Sense var valið „fyrirmyndarverkefni Nordplus“ árið 2024 úr hópi 30 verkefna sem áætlunin styrkti. Auk rannsóknasetursins, Hvalasafnsins á Húsavík og safna í Danmörku og Noregi tóku skólar á Húsavík, í Danmörku og Noregi þátt í verkefninu sem miðaði að þróun kennsluefnis um hafið með aðstoð sýndarveruleika. Kennsluefnið var kynnt þegar Háskólahestin heimsótti Húsavík í maí og einnig í Háskóla unga fólksins í Reykjavík í júní. Í kjölfar Arctic Sense varð til samstarf um nýtt verkefni „Virtual Storytelling for Ocean Education“ (VISOE) sem hlaut 400.000 € í styrk frá Erasmus + áætluninni. Rannsóknasetur HÍ á Húsavík leiðir VISOE-verkefnið en nýir samstarfsaðilar í því eru háskólarnir í Stafangri og Árósum, og STEM Húsavík.

Rannsóknasetrið gekkst fyrir málþinginu „Samtal um hafvernd. Raundæmis Skjálfaði“ á Húsavík 2. maí í samvinnu við SVÍVS, Samtök um verndun í og við Skjálfaða. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands flutti opunarávarp en meðal þátttakenda í pallborði um framtíð sjálfbærrar nýtingar og verndunar íslenskra hafsvæða voru Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum, Níels Einarsson, forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, og Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Um sextíu manns sóttu viðburðinn sem hlaut styrk úr sjóði sem styrkir verkefni á sviði samfélagsvirkni akademískra starfsmanna HÍ.

Vettvangsvinna hófst í nýdoktorsverkefni Chörlu Basran, *Behavioural responses of humpback whales to whale pinger entanglement mitigation devices determined from tag data*, og var mælitækjum komið fyrir á tveimur hnúfubökum. Verkefnið er unnið í samstarfi við sérfræðinga frá Háskólanum í Hannover í Þýskalandi og Kobe-háskóla í Japan.



Setrið hefur til umráða bátinn Arcpath sem er í eigu HÍ og nýttur við kennslu og rannsóknaverkefni á vegum setursins. Að venju var sumarið notað til að safna hljóðupptökum í flóanum í tengslum við rannsóknir og nemendaverkefni. Charla nýtir gögn sem áður hafði verið aflað til að kanna hljóðmerki frá steypireyðum í tengslum við nýdoktorsverkefni hennar. Nýdoktorinn Isolde Puts frá Umeå-háskóla í Svíþjóð vann við rannsóknir á dýrasvífi og næringarefnum í flóanum frá apríl til október.

Vettvangsnámskeiðið *Studying Marine Mammals in the Wild* er fastur liður í starfsemi setursins og var haldið á Húsavík í júní. Samstarf er við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og Háskóla Vestfjarða um námskeiðið og hefur verið gerður um það sérstakur samstarfssamningur; 25 nemendur frá átta þjóðlöndum sóttu námskeiðið að þessu sinni.

Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi þriggja doktorsnema við HÍ og átta meistaranema sem stunda nám við háskóla í Danmörku og Hollandi auk Háskóla Vestfjarða. Þá leiðbeindi hún hollenskum nemanda í grunnnámi. Charla Basran var leiðbeinandi og meðleiðbeinandi þriggja nemenda í grunnnámi og fjögurra meistaranema við erlenda háskóla og Hólaskóla.

Tuttugu og fimm erlendir nemendur unnu að fjölbreyttum verkefnum við setrið árið 2024. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík nokkrar vikur eða mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.

Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing og einnig Hvalasafnið á Húsavík en setrið og safnið hafa lengi unnið saman að fjölbreyttum verkefnum.



RITASKRÁ

- Basran, C.J., & Rasmussen M.H. (2024). **Narwhal, *Monodon monoceros* (Linnaeus, 1758)**. In: K. Hackländer, F. E. Zachos (eds.), Handbook of the Mammals of Europe. Springer Nature, Switzerland.
- Bellon, G, Selbmann, A, Wensveen, P, Rasmussen, M, Laute, A, Mouy, X, Filipa I. P. Samarra, FIP (2024). Killer whale (*Orcinus orca*) occurrence in Icelandic waters revealed by passive acoustic monitoring, Marine Mammal Science
- Koilpillai, H.A., Basran, C.J., Berrow, S., Broms, F., Chosson, V., Gowans, S., Jones, L.S., Kempen, R., López-Suárez, P., Magnúsdóttir, E., Massett, N., Prince, K., Rasmussen, M.H., Robbins, J., Sears, R., Simard, P., Simon, M., Whooley, P., & Wenzle, F.W. (2024). **Geographic Distribution of North Atlantic Humpback Whales (*Megaptera novaeangliae*) with Fluke Scars Caused by Killer Whales (*Orcinus orca*)**. Aquatic Mammals, 50(4): 342-351.
- Marchon, TMJ, Rasmussen, MH, Basran, CJ, Whittaker, M, Bertulli, CG, Harlow, C, Lott, R, Boisseau, O, Gendron, F, Guo, L, Hudson, T, Jónsson, H, Kershaw, A, Kinni, J, Lionnet, LAMG, Louis, M, Messina, M, Michel, H, Neubarth, BK, Ovide, BG, E. Podt, AE, Rempel, JN, Ryan, C, Savage, E, Scott, J, Smit, R, Verdaat, H, Vignisson, SR, Samarra, FIP (2024). **Geographical movements, site fidelity and connectivity of killer whales within and outside herring grounds in Icelandic coastal waters**. Marine Biology (2024) 171:30.
- Ogilvie, AEJ, King, LA, Keenlyside, N, Counillon, F, Davíðsdóttir, B, Einarsson, N, Gulev, S, Fan, K, Koenigk, T, Mcgoodwin, JR, Rasmussen, MH, and Yang, S, (2024). Recent Ventures in Interdisciplinary Arctic Research: The ARCPATH Project. ADVANCES IN ATMOSPHERIC SCIENCES, VOL. 41, AUGUST 2024, 1559–1568
- Romagosa, M, Nieuwkirk, S, Cascão, I, Marques, TA, Dziak, R, Royer, J-Y, O'Brien, J, Mellinger, DK, Pereira, A, Ugalde, A, Papale, E, Aniceto, S, Buscaino, G, Rasmussen, M, Matias, L, Prieto, R, Mónica A Silva, MA (2024). **Fin whale song evolution in the North Atlantic**. Elife.
- Samarra, F.I.P., Borrell, A., Selbmann, A., Chosson, V. Chicco, C., Haas, C.E., Basran, C.J., Smith, A., Ovide, B.G., Einarsson, G.P., Halldórsson, S.D., O'Brien, E.S., Eleman, A., Sigurðsson, G.M. & Aguilar, A. (2024) **Trophic ecology, based on stable isotope values, of long-finned pilot whales *Globicephala melas* stranded on the Icelandic coast**. Marine Ecology Progress Series 748: 163-174.

KYNNINGAR/ERINDI

Basran, C.J. (08.10.2024). Research at the University of Iceland's Húsavík



Research Centre Including Monitoring and Mitigating Whale Entanglement in Fishing Gear. Presentation for DIS Copenhagen Study Abroad Program.

- Glarou, M, Rasmussen, MH, Poldner, A, Ruppert, SNS, Sotiropoulou, D, Sadozai, Z, Jarzynowska, M, Iversen, MR, Sigurðsson, GM, Halldórsson, SD, Chosson, V, Clapham, PJ, Ivashchenko, Y, Tormosov, D, Christiansen, F (2024). Size-specific strategies of sympatric cetaceans to reduce heat loss. Talk at the marine mammal conference, Perth, Australia
- Kızıldaş, Y, Menéndez, MS, [...], Rasmussen, MH (2024). Staying Close and Familiar: Maternally Directed Site Fidelity and Non-random Mating in North Atlantic Humpback Whales (*Megaptera novaeangliae*). Speed talk at the Marine Mammal conference, Perth, Australia.
- Rasmussen, MH (2024). Arctic Sense – Virtually Reality used in Education. 9th Whale congress, Húsavík, Iceland
- Rasmussen, MH (2024). Arctic Sense – Virtuality Reality used in Marine Education. Nordplus. Online Seminar.
- Rasmussen, MH (2024). What causes a decline in biodiversity and how does it impact humanity? Ocean Week, Monaco
- Rasmussen, MH (2024). Havpattedyr forskning omkring Island. Aalborg University, Denmark (online)
- Rasmussen, MH (2024). Arctic Sense. Dansk Havforsker møde, DTU, Denmark
- Rasmussen, MH (2024). Brug af drone til at monitere sæler og hvaler i og omkring Skjálfandi bugten ved Húsavík, Island. Drone conference, Aalborg University, Denmark

VEGGSPJÖLD

- Charla J. Basran & Marianne H. Rasmussen (2024). North Atlantic blue whale (*Balaenoptera musculus*) calling behaviour during seismic air-gun activity recorded off Northeast Iceland. Poster presented at the Society for Marine Mammalogy 25th Biennial Conference in Perth, Australia. November 11-15th 2024.
- Philip Patton, Krishna Pacifici, Robin Baird, [...], Charla Jean Basran, Marianne Helene Rasmussen, (2024). Evaluating tradeoffs between automation and bias in population assessments relying on photo-identification. Poster. Marine Mammal Science conference, Perth, Australia
- Reverberi, M, Basran, C and Rasmussen, M (2024). Acoustic responses of white-beaked dolphins (*Lagenorhynchus albirostris*) to changes in maritime traffic – a case study in Skjálfandi Bay, Iceland, Dansk havforsker møde, DTU, Denmark



RANNSÓKNASETUR HÍ Á AUSTURLANDI

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi er á Egilsstöðum. Við setrið eru stundaðar rannsóknir á sögu, samfélagi og náttúru og jafnframt unnið að því að efla samstarf Háskóla Íslands við menningarstofnanir, vísindamenn og fræðafélög á Austurlandi. Dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur og fræðimaður við Háskóla Íslands er forstöðumaður setursins og eini fasti starfsmaður þess. Rannveig Þórhallsdóttir, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, var í hálfu starfi verkefnisstjóra fyrri hluta ársins.

Unnur vann að ýmsum verkefnum sem spönnuðu fjölbreytt svið, en megináherslan lá á rannsókn á sögu verkalyðsfélaga á Seyðisfirði á fyrri hluta 20. aldar og þætti kvenna í þeirri sögu. Hún sinnti einnig rannsókn á áhrifum ferðamannastraums á Efra-Jökuldal í kjölfar vinsælda Stuðlagils og fleiri verkefnum sem eru mislangt komin.

Auk rannsóknastarfa sinnti Unnur verkefnum á sviði ritryni og ritdómum fyrir fræðitímarit, innlend og erlend, og ritstýri m.a. tímaritinu *Múlaping: Byggðasögurit Austfirðinga*, líkt og fyrri ár, en hún hefur verið ritstjóri síðan 2022. Tímaritið kemur út árlega og inniheldur fræðigreinar auk annars efnis um sögu samfélags og náttúru á Austurlandi. Unnur situr í stjórn Sögufélags Austurlands og í stjórn Sigfúsarstofu – miðstöðvar fræða og sögu á Austurlandi, og tekur þátt í starfi félaga eins og við á í tengslum við starfsemi rannsóknasetrana á landsbyggðinni þar sem markmiðið í starfsemi er ekki aðeins að sinna vísindalegum rannsóknum heldur einnig að vinna að samfélagslegum verkefnum á ýmsum sviðum.

Rannveig Þórhallsdóttir, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, var í starfi verkefnisstjóra við setrið til máiloka og vann að doktorsrannsókn sinni: „Árþúsund við Atlantshaf“ sem m.a. felur í sér greiningu á fornDNA úr plöntu- og dýraleifum sem fundist hafa við fornleifarannsóknir í Seyðisfirði. Leiðbeinandi hennar er Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við HÍ en Rannveig á einnig samstarf við tvo vísindamenn við Earlham College, Richmond, Indiana í Bandaríkjunum, Emmett Smith, lektor í lífvísindum, og Charlie Peck, prófessor í tölvunarfræði.

Rannsóknasetrið gekkst fyrir ráðstefnu á sviði kvenna- og kynjasögu sem haldin var á Seyðisfirði 7. júní og Egilsstöðum 8. júní. Þessar fræðigreinar hafa sett svip á rannsóknir innan hugvísinda og félagsvísinda síðustu áratugi, haft áhrif á stjórnmal og samfélagsgerð, verið kenndar í háskólum og fjallað um þær í ræðu og riti. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt að efni á sviði kvennasögu og kynjasögu og var ráðstefnan afar vel sótt, bæði af heimamönnum og gestum sem komu lengra að. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi, Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Tæknimínjasafns Austurlands og Mínnjasafns Austurlands. Verkefnisstjórn var í höndum Unnar forstöðumanns setursins, en í undirbúningshópi ráðstefnunnar sátu auk hennar þær Elfa Hlín Pétursdóttir hjá Tæknimínjasafni Austurlands, Elsa Guðný Björgvinsdóttur, safnstjóri Mínnjasafns Austurlands, Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir, prófessorar í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Sigríður






Matthíasdóttir, sjálfstætt starfandi sagnfræðingur á Seyðisfirði. Samfélags-
sjóður Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands veittu styrki
til ráðstefnunnar en einnig lögðu einstaklingar og fyrirtæki viðburðinum

lið með ýmsum hætti. Ráðstefnan vakti talsverða athygli og birtu austfirskir
fjölmiðlar viðtöl við fyrirlesara auk annarrar umfjöllunar.

Þrjú söfn á Austurlandi lögðu ráðstefnunni lið með vönduðum og





fræðandi sýningum undir yfirskriftinni „Konur – Women“ þar sem saga kvenna var í brennidepli. Á sýningu Tækniminjasafnsins, sem sett var upp í útgallerí á Seyðisfirði, var dregin upp mynd af störfum kvenna á Seyðisfirði um aldamótin 1900, með áherslu á reynsluheim þeirra og framlag til atvinnulífsins, og á Héraðsskjalasafni Austfirðinga var sögð saga Margrétar Sigfúsdóttur, 20. aldar verkakonu, kennara og skálds í Fljótisdal. Í sýningu í Minjasafni Austurlands var sjónum beint að gripum úr fótum kvenna frá landnámsöld sem fundist hafa á Austurlandi og eru hinar merkustu minjar. Heiðursess á sýningunni skipa tvær ríkulega búnar landnámskonur: höfðingjakonan sem hvíldi í einu kumlinu sem grafið var upp í Firði á Seyðisfirði árið 2021 og fjallkonan sem svo hefur verið nefnd og fannst í hellisskúta á Vestdalsheiði upp af Seyðisfirði árið 2004. Konurnar tvær eru taldar hafa verið uppi á sama tíma, um árið 950. Rannsóknir á gripum sem fundust hjá þeim eru nýttar til að beina sjónum að lífi og störfum kvenna til forna. Á sýningunni má sjá gripi sem fundust í uppgreftinum í Firði og nælur fjallkonunnar sem fundust 2004; Minjasafnið fékk gripina að láni frá Þjóðminjasafni Íslands til að hafa á sýningunni sem verður uppi til 1. september 2025. Rannveig Þórhallsdóttir var fulltrúi rannsóknasetursins í sýningarnefnd en auk hennar voru þar Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir frá Antikva og Elsa Guðný Björgvinsdóttir frá Minjasafni Austurlands. Hönnun sýninganna þriggja var í höndum Hönnu Christelar Sigurkardsdóttur og Ingvi Örn Þorsteinsson sá um grafíska hönnun.



FYRIRLESTRAR

Unnur B. Karlsdóttir, „Heimsfrægð í skjótu bragði – Stuðlagil og áhrif vinsælda þess“. Fyrirlestur fluttur 9. mars. 2024 á málstofunni **Græn og blá hugvísindi ofan Ártúnsbrekkunnar**, á *Hugvísindabæjngi Háskóla Íslands*.

Unnur B. Karlsdóttir, „Áhrif kvenna í Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði“. Fyrirlestur fluttur 7. júní á ráðstefnunni *Ráðstefna á sviði kvenna- og kynjasögu*, sjá t.d. á vef Sagnfræðistofnunar: **Ráðstefna á sviði kvenna- og kynjasögu | Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands** og á fb síðu rannsóknasetursins: **(4) Ráðstefna um kvenna- og kynjasögu á Seyðisfirði og Egilsstöðum í júní 2024 | Facebook**

RITDÓMUR

Unnur Birna Karlsdóttir, „Saga Landsvirkjunar. Orka í þágu þjóðar“, ritdómur um samnefnt rit eftir Svein Þórðarson. *Saga 62:1* (2024), bls. 166-170.


RITSTJÓRN

Unnur Birna Karlsdóttir, *Múlþing: Byggðasögurit Austfirðinga*, hefti 46 (2024).

Unnur Birna Karlsdóttir, meðritstjóri (ásamt fleirum á Norðurlöndunum) á árinu 2024 við norræna tímaritið *1700-tal: Nordic Journal for Eighteenth-Century Studies*.

SÝNINGAR

Rannveig Þórhallsdóttir, „Konur (Women) – Landnámskonan“, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum (Safnahús), samstarfsverkefni, sjá á vef: **Landnámskonan**






RANNSÓKNASETUR HÍ Á BREIÐDALSVÍK

Á rannsóknasetrinu eru einkum stundaðar rannsóknir á jarðfræði Íslands. Setrið starfar náið með Náttúrufræðistofnun að uppbyggingu borkjarnasafns stofnunarinnar sem er til húsa á Breiðdalsvík. Í húsnæði setursins í Gamla kaupfélaginu eru einnig sýningar frá Breiðdalssetri um jarðfræðinginn George Walker og málvísindamanninn Stefán Einarsson, sem báðir höfðu sterk tengsl við Breiðdal.

Einn fastur starfsmaður var við setrið árið 2024, María Helga Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, sem einnig starfar á borkjarnasafninu. Auk hennar starfaði Arna Silja Jóhannsdóttir sem verkefnisstjóri í hlutastarfi frá júní til ársloka og sá m.a. um safnkost Breiðdalsseturs, móttöku safngesta

og uppsetningu viðburða. Í lok febrúar var akademískt starf forstöðumanns setursins auglýst laust til umsóknar og bárust þrjár umsóknir. Ákveðið var að bjóða Bjarna Gautasyni doktor í jarðefnafræði stöðuna; hann tekur við starfinu í mars 2025.

Setrið leggur sérstaka áhersla á fræðslu og miðlun í nærsamfélaginu. Setrið og Náttúrufræðistofnun héldu námskeið í kortlagningu og kortagerð fyrir nemendur við Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla í apríl. Nemendur kynntust undirstöðum kortagerðar og lærðu að vinna með gögn eins og loftmyndir og kort af ýmsum toga. Upplýsingar voru merktar inn á grunnkort og GPS-tæki notuð til að safna hnitum og ferlum úti í mörkinni.





Með þessum verkfærum kortlögðu nemendur heimili sín, uppáhaldsstaði og göngustíga- og gangstéttakerfi þorpanna tveggja, ásamt því að gera tillögur að nýjum göngustígum og gangstéttum. Elstu nemendurnir tóku við gögnum frá þeim yngri og unnu úr þeim í kortagerðarhugbúnaðinum QGIS þar sem skönnuð grunnkort voru hnitúð, gögn sótt í GPS-tæki, punktar, línur og flákar teiknaðir og fyllt út í eigindatöflur. Að lokum var hannað útlit og framsetning upplýsinga á kortunum og er afraaksturinn fimm kort, hvert með sínu sniði. Athygli vakti hvað unglíngarnir voru fljótir að ná tökum á hugbúnaði sem flestir kynnst ekki fyrr en í háskóla. Nemendurnir

kynntu störf sín fyrir samfélaginu og bæjarstjóra Fjarðabyggðar á uppskeruhátíð á rannsóknasetrinu.

Sýningin *Borkjarnar: Skyggst undir yfirborðið* var sótt af um 250 gestum árið 2024. Á árinu opnaði einnig ný sýning í húsinu, myndlistarsýningin *Tímasetning* eftir listakonuna Maríu Sjöfn, sem ættuð er úr Breiðdal. *Tímasetning* er röð blekteikninga sem var unnin í samstarfi við Þórbergsetur, Breiðdalssetur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Breiðdalsvík og tengir skrif Þórbergs Þórðarsonar um hið fjölbreytilega lífríki í Suðursveit við rannsóknir jarðfræðingsins dr. Georges Walker, sem vann að og skrásetti jarðsögu Austurlands. Verkið er hluti af myndlistarsýningu Nr. 5 Umhverfingu, sem er ferðalag um sveitarfélagið Hornafjörð. Safnkostur Breiðdalsseturs og borkjarnar úr borkjarnasafni Náttúrufræðistofnunar voru meðal viðfangsefna áströlsku listakonunnar Lucy Bleach sem dvaldi við setrið við listsöpun á árinu.

Reglubundin verkefni borkjarnasafnsins, svo sem móttaka og skráning nýrra borkjarna og aðstoð við rannsakendur sem vilja nálgast sýni úr safnkostinum, voru með hefðbundnum hætti. Rannsakendur nýttu sér borkjarna úr 32 borholum á árinu; tekin voru alls 22 sýni úr fjórum borkjörnum og 30 kjarnar nýttir í heildstæða greiningu. Kjarni úr fjórum borholum er auk þess í láni hjá Jarðvísindadeild Háskóla Íslands og nýttur við kennslu í námskeiðum um jarðskorpuhreyfingar.


Árið 2024 var áhersla lögð á yfirferð og endurskipulagningu borsvarfs í safninu; fór stór hluti vinnu ársins í að yfirfara svarfbakka, leiðrétta skráningu þeirra í gagnagrunn og raða þeim skipulega eftir uppruna í nýjar hillur. Hillurnar eru nú fullar og rúma um 3000 bakka af svarfi.

Einnig var hafist handa við kerfisbundna ljósmyndun safnkostsins. Ný ljósmyndaaðstaða á safninu var nýtt til að mynda innihald um 1700 borkjarnakassa, eða 16% safnkostsins. Kaya de Bruijn, nemandi í jarðfræði við Gustavus Augustus-háskóla í Bandaríkjunum, var starfsnemi sumarið 2024 og vann að ljósmyndun borkjarna ásamt starfsfólki.

Samhliða ljósmynduninni var lagst í þróun á stafrænum innviðum til að setja myndirnar í gagnagrunn, miðla þeim á vef og tengja við jarðfræðikortasjá svo hægt sé að skoða myndir af borkjörnum beint í gegnum vef stofnunarinnar. Vinna við bakenda þessara innviða var langt komin í árslok og verður lokið við tenginguna á árinu 2025.

Í ársbyrjun var lokið við tengingu gagna um borkjarnahluta borkjarnasafnsins við EPOS (European Plate Observing System), samevrópska





gagnaþjónustu sem miðlar mikilvægum jarðvísindagögnum og þjónustum um álfuna. Tengingin verður þróuð áfram á komandi árum.

Setrið hélt áfram samstarfi við Þýska jarðfræðafélagið, DGGV, sem komið hefur með ferðahópa í heimsókn á setrið og fengið leiðsögn um jarðfræði Breiðdals og nærsveita. Í október tók María Helga þátt í leiðsögn hóps frá ungliðadeild félagsins, sem fór hringinn í kringum Ísland og fræddist um jarðfræði landsins. Samstarfið hefur þegar borið þann ávöxt að tveir nemandur úr hópnum hyggja á starfsnám við borkjarnasafnið sumarið 2025.

Á árinu hóf rannsóknasetrið samstarf við Steinasafn Petru á Stöðvarfirði um greiningu á safnkosti steinasafnsins, en þó nokkur hluti hans hefur aldrei verið greindur með aðferðum steindafræðinnar.

Arna Silja vann að endurgerð plánetustígs um Breiðdalsvík og nágrenni, líkani af sólkerfinu í réttum hlutföllum með miðju við rannsóknarsetrið. Endurgerðin er langt komin og vonir standa til að stígurinn verði opnaður árið 2025. Einnig fékkst Arna Silja við gerð gagnagrunns þar sem gögn úr vettvangsvinnu jarðfræðingsins Georges Walker eru tengd við hnit á korti. Markmið vinnunnar er að rannsakendur geti auðveldlega

nálgast upplýsingar úr feltbókum hans um tiltekin svæði og byggt ofan á athuganir hans.

María Helga tók þátt í venjubundinni jarðfræðikortlagningu Náttúrufræðistofnunar sem fór að þessu sinni fram í Álftafirði á Suðurfjörðum Austfjarða. Vinnan var liður í kortlagningu á Suðausturlandi frá Jökulsárlóni að Álftafirði, sem standa mun yfir næstu ár.

María flutti erindi um borkjarnasafnið á haustfundi Jarðfræðafélags Íslands í janúar og á rannsóknarinnviðadegi Háskóla Íslands í apríl. Auk þess var henni boðið að fjalla um starfsemi rannsóknasetursins og borkjarnasafnsins á hádegisfyrirlestri hjá steindafræðideild Náttúruvinnisráðs Smithsonian-stofnunarinnar í Washington, D.C. í maí.

ERINDI OG VEGGSPJÖLD

María Helga Guðmundsdóttir (2024). *Geoscience on the Edge (of Iceland): The Drill Core Library and Research Center in Breiðdalsvík*. Erindi flutt í hádegisfyrirlestraröð steindafræðideildar Náttúruvinnisráðs Smithsonian-stofnunarinnar í Washington, D.C., 15. maí.

María Helga Guðmundsdóttir (2024). *Borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands: Innviðir fyrir jarðvísindarannsóknir*. Erindi flutt á rannsóknarinnviðadegi Háskóla Íslands í Reykjavík, 15. apríl.

María Helga Guðmundsdóttir (2024). *Borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands: Ríkuleg heimild um berggrunn Íslands*. Erindi flutt á haustfundi Jarðfræðafélags Íslands í Reykjavík, 19. janúar.

RITSTJÓRN

María Helga Guðmundsdóttir prófarkalas Skírni, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.

SETA Í STJÓRNUM OG NEFNDUM

María Helga Guðmundsdóttir var varamaður í stjórn Kötlu jarðvangs og sat í fagráði atvinnu og nýsköpunar fyrir Uppbyggingarsjóð Austurlands.



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**